2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Þjóðgarðar

FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
22. júní 2011
143. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
10 ÁRA
2001 - 2011
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar – mars 2011

## Gerum eitthvað

*Sif Sigfúsdóttir hefur opnað viðburðasíðu fyrir alla fjölskylduna.*

**tímamót** 14

## Apar aftur í Eden

*Von er á þremur prímótum í Eden í Hveragerði í haust.*

**allt** 3

## Eyjamenn í stuði

*ÍBV lagði Val öðru sinni í sumar á Vodafone-vellinum og Þróttur sló Fram óvænt út úr Valitor-bikarnum.*

**sport** 22 & 23

## veðrið í dag

**SÆMILEGT** Í dag verður bjart V-til í fyrstu en gæti dregið fyrir eftir hádegið. Hálfskýjað víða annars staðar. Líkur á síðdegisskúrum S- og SV-til.

VEÐUR 4

# 70% dýrara að aka hringinn

**Lítrinn af bensíni kostaði 124 krónur árið 2007 en 234 krónur nú. Skattar á bensínlítra voru 64 krónur en 114 krónur nú. Ofurskattar á eldsneyti draga úr umferð um hringveginn, segir Tryggvi Þór Herbertsson.**

**NEYTENDAMÁL** Fjölskylda sem ætlar að aka hringveginn í sumar þarf að greiða um sjötíu prósentum meira fyrir aksturinn nú en fyrir fjórum árum, að sögn Tryggva Þórs Herbertssonar alþingismanns. Hann segir Íslendingum gert ókleift að ferðast um landið sökum ofurskattlagningar á eldsneyti og að vísað verði til sumarsins 2011 sem ferðasumarsins litla.

Í júní 2007 kostaði lítrinn af bensíni 124 krónur en nú kostar hann 234 krónur. Skattar á bensínlítra voru 64 krónur árið 2007 en 114 krónur nú.

„Samkvæmt útreikningum Félags íslenskra bifreiðaeigenda, FÍB, í febrúar 2010 nam eldsneytisreikningur heimilanna vegna fjölskyldubílsins um 275 þúsund krónum í fyrra. Þar af voru skattar 136 þúsund krónur. Sambærilegir útreikningar fyrir 2011 eru 453 þúsund krónur og þar af eru skattar 225 þúsund krónur. Ráðstöfunartekjur meðalheimilis, og þar með neysla, minnka því um 178 þúsund krónur vegna hærra eldsneytisverðs," segir Tryggvi Þór.

Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri FÍB, segir félagið hafa beint því til stjórnvalda að lækka skatta á eldsneyti. „Hækkunin hefur skilað sér í því að ríkið hefur orðið af tekjum miðað við áætlanir fyrir utan þau neikvæðu margföldunaráhrif sem hún hefur á verslun og viðskipti um allt land. Við lögðum þess vegna til við stjórnvöld að skattarnir yrðu lækkaðir tímabundið. Það hefur verið gert áður, en ekki voru taldar forsendur fyrir því nú," segir Runólfur.

„Það er orðið svo að þeir efnameiri hafa helst ráð á því að heimsækja ættingja um langan veg. Þetta viljum við helst ekki sjá gerast á okkar litla landi," bætir Runólfur við.

Í tillögu til breytinga á lögum sem Tryggvi Þór setti fram ásamt öðrum var bent á að skattalækkunin myndi leiða beint til hækkunar ráðstöfunartekna, einkaneyslu og hagvaxtar. **- ibs**

### Þróun bensínverðs og skatta á eldsneyti

| | júní '07 | júní '08 | júní '09 | júní '10 |
|---|---|---|---|---|
| Útsöluverð | 124 | 170 | 178 | 195 |
| Skattur á lítra | 67 | 76 | 83 | 103 |
| Bensínkostnaður alls | 24.800 | 34.000 | 35.600 | 39.000 |
| Skattur alls | 13.400 | 15.240 | 16.580 | 20.600 |

| Sumarfrí | |
|---|---|
| Eknir km | 2.000 km |
| Eyðsla á km | 10/100 km |
| Eyðsla samtals | 200 lítrar |

Heimild: FÍB

**DORGAÐ Í VEÐURBLÍÐUNNI** Um fjögur hundruð börn á aldrinum sex til tólf ára tóku þátt í dorgveiðikeppni við Flensborgarbryggju í Hafnarfirði í gær. Dorgveiðikeppnin hefur verið haldin undanfarin tuttugu ár í Hafnarfirði. Veitt voru verðlaun fyrir stærsta fiskinn, flesta fiska og furðulegasta fiskinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Lýður hjá Bakkavör Group:

## Sakargiftir fjarstæðukenndar

**DÓMSMÁL Embætti sérstaks saksóknara ber á Lýð Guðmundsson, stjórnarformann Bakkavarar Group, fjarstæðukenndar sakir, svo mjög að hann getur ekki orða bundist. Þetta segir Lýður í grein í Fréttablaðinu í dag.**

LÝÐUR GUÐMUNDSSON

**Lýður segir ásakanir um að hann hafi ekki gætt hagsmuna VÍS sem stjórnarformaður vera „galnar". Hann gagnrýnir rannsókn sérstaks saksóknara og segir einnig að rannsóknarskýrsla Alþingis sé „morandi í villum".**

**Þá segir Lýður að honum gremjist að horfa upp á fyrrverandi samstarfsmenn flækta í rannsókn sem sé byggð á sandi. Uppgjörið hér á landi eigi sér engin fordæmi, og ákæra á hendur Geir H. Haarde sé þjóðarskömm.** **- ibs / sjá síðu 13**

Talsmaður neytenda getur krafist gagna um seinkanir flugfélaga á áætlunarflugi:

## Upplýsingar um tafir mikilvægar

**SAMGÖNGUR** „Ég tel að hagsmunir neytenda af því að fá upplýsingar um tíðni tafa og fjölmiðla fyrir þeirra hönd vegi þyngra en viðskiptahagsmunir fyrirtækja að halda svona upplýsingum leyndum," segir Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að flugfélagið Iceland Express hefði staðist áætlun í 36,2 prósentum tilvika í fyrrasumar. Forstjóri Iceland Express segir stundvísina hafa batnað. Hann segir unnið hörðum höndum að því að ná stundvísi upp í 75 prósent. Þó hefur flugi félagsins seinkað mikið í þessum mánuði.

Talsmaður neytenda getur lögum samkvæmt beðið Isavia, sem annast rekstur flugvalla hérlendis, um upplýsingar um tafir á áætlanaflugi neiti fyrirtækið að birta þær. Kanna þarf hvort málið tengist broti gegn neytendum ef krefja á fyrirtæki um upplýsingar. Isavia er opinbert hlutafélag.

Fréttablaðið hefur óskað eftir því að fá aðgang að gögnum Isavia um það hvernig öll flugfélögin hafa staðist áætlun frá í fyrrahaust. Upplýsingafulltrúi Isavia segir tölfræðina ekki hafa verið gerða opinbera til þessa.

**- jab / sjá síðu 6**

## SPURNING DAGSINS

*Gunnlaugur, ertu núna orðinn stórlax?*

„Nei, og ég held mér endist varla ævin í það. Verra er þó að þetta voru eintómir smálaxar sem ég nældi í.“

Gunnlaugur Sigurðsson var á mánudag útnefndur Reykvíkingur ársins. Í tilefni þess opnaði hann veiðina í Elliðaánum í gærmorgun og nældi sér í maríulaxinn.

**KEYPT Í MATINN** Greiningardeild Arion banka spáir því að vöruverð muni hækka á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Arion banki spáir hækkunum:

# Verðbólga eykst fram á haustið

**EFNAHAGSMÁL** **Greiningardeild Arion banka býst við verðbólguskúfi fram eftir hausti og gerir ráð fyrir að hún fari í 5,2 prósent í september. Deildin gerir ráð fyrir að verðbólga fari úr 3,4 prósentum í maí í 4,3 prósent nú.**

**Deildin hefur áður bent á að lítil innistæða sé fyrir þeim loforðum sem kjarasamningar hljóða upp á og muni mörg fyrirtæki sem ekki ráða við þá ýta álaginu áfram út í verðlag. Þá eru líkur taldar á því að kaupmenn muni jafnframt nýta tækifærið nú til flytja hærri rekstrarkostnað yfir á herðar neytenda og muni vöruverð því hækka meira en ella hefði mátt reikna með.** - jab

## BJÖRGUN

### Sátu fastir á klettasyllu

Þyrla Landhelgisgæslunnar, TF-LÍF, bjargaði tveimur illa búnum mönnum sem lent höfðu í sjálfheldu á klettasyllu austan við Þverfellshorn í Esju síðdegis í gær.

## REYKJAVÍK

### Kosið í stjórn Orkuveitunnar

Kosið var í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur til næsta árs í gær. Kosin voru Haraldur Flosi Tryggvason formaður, Brynhildur Davíðsdóttir varaformaður, Gylfi Magnússon, Kjartan Magnússon og Sóley Tómasdóttir.

Þingvallanefnd leitar fanga hjá almenningi og verðlaunar bestu hugmyndirnar:

# Þjóðin spurð um Þingvelli

**NÁTTÚRA** Almenningi gefst til 22. ágúst kostur á að senda hugmyndir sínar um þróun þjóðgarðsins á Þingvöllum til Þingvallanefndar. Veitt verða fimm 200 þúsund króna verðlaun.

Í tengslum við tilnefningu Þingvalla á heimsminjaskrá árið 2004 var mótuð stefna með áherslu á verndun á forsendum sjálfbærrar þróunar, svo að komandi kynslóðir fái tækifæri til að njóta sérstöðu Þingvalla. Hugmyndaleitin er liður í því og var skipuð dómnefnd um hana sem Ragna Árnadóttir veitir forstöðu.

Í fréttatilkynningu segir Ragna mikilvægt að almenningur taki þátt í að skilgreina hvaða hlutverki Þingvellir eigi að gegna í lífi okkar og samfélagi. „Við getum horft stolt til Þingvalla, einstakrar náttúru, sögunnar og menningarlegs hlutverks. Við skulum þó ekki veigra okkur við að spyrja: Erum við sátt við Þingvelli eins og þeir eru í dag? Má eitthvað betur fara? Hvað viljum við halda í og hvað má bæta? Hugmyndaleitin er gott tækifæri til að láta hugann reika og kynnast Þingvöllum frá nýjum sjónarhóli.“ - kóp

**VINSÆLIR** Þingvellir eru vinsæll ferðamannastaður og leitað er eftir hugmyndum um hvernig taka eigi á móti ferðamönnum þar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Kosið um ríkisstjórnina í nótt:

# Stjórnin hélt velli í Grikklandi

**GRIKKLAND** Hin endurnýjaða ríkisstjórn Grikklands hlaut stuðning gríska þingsins seint í gærkvöldi.

Georgios Papandreú myndaði nýja ríkisstjórn fyrir helgi. Hann þurfti stuðning meirihluta þingsins til að geta borið fram niðurskurðartillögur.

Fyrst stjórnin hélt velli verður niðurskurður upp á 28 milljarða evra lagður fyrir í næstu viku. Það er forsenda þess að Grikkir fái tólf milljarða evra lán frá Evrópusambandinu og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. - þeb

# Staðfesting samninga grunnur stöðugleika

**SA og ASÍ staðfestu þriggja ára kjarasamning í gær. Gera þó athugasemdir við efndir ríkisstjórnarinnar á málum sem tengjast framkvæmdum og sjávarútvegi. Fjármálaráðherra er bjartsýnn á að forsendur samninganna muni halda.**

**KJARAMÁL** Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra fagnar því að aðilar vinnumarkaðarins hafi ákveðið að staðfesta gildistöku kjarasamninga sem undirritaðir voru í síðasta mánuði. Í samtali við Fréttablaðið sagði hann að stöðugleikinn sem þriggja ára samningar veiti væri „mikilvægur liður í efnahagsbatanum sem nú er hafinn“.

Þrátt fyrir margvíslegar athugasemdir staðfestu Samtök atvinnulífsins (SA) og Alþýðusamband Íslands (ASÍ) kjarasamningana í gær. Ef annar hvor aðilinn hefði ákveðið að gera það ekki hefði aðfararsamningur gilt til janúarloka með þeim launahækkunum sem um var samið fyrir þetta ár.

Í yfirlýsingu frá ASÍ segir að til þess að hægt sé að vinna bug á atvinnuleysi þurfi að örva fjárfestingar og nýsköpun. Lykilatriði í því að ná þeim markmiðum sé að allir leggist á eitt. Það valdi þó áhyggjum að bakslag virðist komið í fjárfestingaráform.

ASÍ telur upp fimm atriði í því sambandi, meðal annars tafir á samgönguframkvæmdum og tafir á efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar og úrlausn skuldavanda heimila og fyrirtækja. Þá segir að atvinnulífið hafi haldið að sér höndum og ekki nýtt sér tækifæri til fjárfestinga og óvissa varðandi kvótafrumvörp ríkisstjórnarinnar hafi dregið úr fjárfestingu í sjávarútvegi.

Í tilkynningu frá SA segir að samtökin sýni ábyrgð með því að staðfesta samningana. Þeir séu mikilvægir til að leiða þjóðina úr kreppunni þrátt fyrir að þeir séu kostnaðarsamir fyrir atvinnulífið.

„Ákvörðun um að samningarnir tækju ekki gildi 22. júní hefði mikla röskun og óvissu í för með sér. Samtök atvinnulífsins telja slíka ákvörðun ekki réttlætanlega þrátt fyrir að yfirlýsing ríkisstjórnarinnar hafi ekki gengið eftir [...].“

SA sparar heldur ekki gagnrýni sína á stjórnvöld varðandi efndir á nokkrum lykilatriðum í viljayfirlýsingu stjórnarinnar, meðal annars varðandi fjárfestingar og sjávarútvegsmál.

**SAMNINGAR HALDA** Fjármálaráðherra segir fagnaðarefni að aðilar vinnumarkaðarins hafi staðfest þriggja ára samninga. ASÍ og SA eru þó ekki alfarið sátt við efndir stjórnarinnar á yfirlýsingum þeim tengdum.

Fjármálaráðherra segist bjartsýnn á að vel muni takast til á næstu misserum og forsendur kjarasamninganna muni standast.

„Enginn getur tryggt fyrirfram hversu vel gengur að ná upp fjárfestingastigi og hagvexti, en við erum bjartsýn á að það gangi eftir. Þessir samningar eru hluti af því að það geti gengið eftir.“

Kjarasamningarnir verða endurskoðaðir á ný í janúar næstkomandi. thorgils@frettabladid.is

Könnun um oddvita og fylgi:

# Flestir treysta Hönnu Birnu

**REYKJAVÍK** **Flestir treysta Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, oddvita Sjálfstæðisflokksins, best af oddvitum stjórnmálaflokkanna í Reykjavík. Þetta kemur fram í könnun sem Capacent gerði fyrir Sjálfstæðisflokkinn.**

**HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR**

**Rúmlega fimmtíu prósent svarenda sögðust treysta Hönnu Birnu best af oddvitunum í borgarstjórn. Rúmur fjórðungur treystir Degi B. Eggertssyni, oddvita Samfylkingarinnar. Sautján prósent treysta Jóni Gnarr borgarstjóra og 7,1 prósent treystir Sóleyju Tómasdóttur, oddvita VG, best. Einnig var spurt um fylgi flokkanna og mældist Sjálfstæðisflokkurinn með 44,5 prósenta fylgi, mest flokka. Samfylkingin hlaut 21,7 prósent, Besti flokkurinn 17,1 prósent og Vinstri græn 8,7 prósent. 3,8 prósent sögðust myndu kjósa aðra flokka.** - þeb

Tóbaksvarnir í Bandaríkjunum:

# Viðvaranir þekja hálfan pakkann

**BANDARÍKIN, AP** Sígarettupakkar í Bandaríkjunum munu frá og með haustinu 2012 sýna neikvæðar afleiðingar reykinga á opinskáan hátt. Lyfja- og matvælastofnun Bandaríkjanna kynnti í gær níu mismunandi merkingar sem munu þekja efri helming pakkanna. Þar má meðal annars sjá nærmynd af tannskemmdum, sýkt lungu reykingamanns og lík manns sem lést af völdum reykinga.

Reykingar draga 443.000 Bandaríkjamenn til dauða á hverju ári og er samfélagslegur kostnaður reykinga um 200 milljarðar dala á ári. - þj

Norska lögreglan yfirheyrði þrjá menn sem eru grunaðir um mannrán:

# Leitað að tveimur stúlkum

**NOREGUR** Tveggja stúlkna, eins og þriggja ára, er saknað eftir að þeim var rænt af grímuklæddum mönnum í Noregi í gær. Lögreglan í Noregi telur að faðir þeirra geti staðið á bak við ránið. Hans var einnig saknað þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi.

Stúlkurnar tvær voru með móður sinni og starfsmanni barnaverndar í bænum Brandbu í Upplöndum. Mannræningjarnir voru grímuklæddir og beittu táragasi þegar þeir námu stúlkurnar á brott. Norska ríkisútvarpið greindi frá því að þeir hefðu haft í hótunum við móðurina og barnaverndarstarfsmanninn. Þeir óku á brott með stúlkurnar í bláum Saab sem er skráður í Svíþjóð.

Foreldrar stúlknanna eru frá Írak. Lögreglan óttaðist að reynt yrði að fara með stúlkurnar úr landi og því var landamæraeftirlit hert til muna í gær, auk þess sem leitað var víða að stúlkunum og mannræningjunum.

Tveir menn voru síðan handteknir um miðjan dag í gær á bílnum, sem hafði verið eftirlýstur um alla Evrópu. Stúlkurnar voru ekki í för með þeim. Undir kvöld var þriðji maðurinn handtekinn, en í bíl hans fundust tveir barnastólar. Í gær var ekki talið að hann væri faðirinn. Allir mennirnir sem eru í haldi lögreglunnar eru íraskir kúrdar. Þeir voru í yfirheyrslum í gærkvöldi en höfðu neitað að tjá sig nema lögfræðingar þeirra væru viðstaddir. - þeb

**NORSKIR LÖGREGLUÞJÓNAR** Víðtæk leit var gerð að stúlkunum tveimur í gær. Þá hafa lögregluyfirvöld um alla Evrópu verið látin vita af málinu, þar sem talið er að reynt hafi verið að koma þeim úr landi.

Betri notaðir bílar

TOYOTA

# Betri notaðir sumarbílar

## Komdu á Nýbýlaveg eða Kletthálsog finndu þinn ferðafélaga hjá okkur

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI

**Toyota Verso**
1800 bensín sjálfsk. 7 manna
Á götuna: 04.10 Ekinn: 14.000 km
Verð: 4.550.000 kr. Raðnr. 997157*

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI

**Lexus RX350 EXE**
3500 bensín sjálfsk.
Á götuna: 09.07 Ekinn: 79.000 km
Verð: 5.990.000 kr. Raðnr. 997282*

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI

**Toyota Auris Luxury**
1600 bensín beinsk. Vindskeið o.fl.
Á götuna: 04.08 Ekinn: 26.000 km
Verð: 2.990.000 kr. Raðnr. 996878*

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI

**Toyota Avensis W/G**
2000 bensín sjálfsk.
Á götuna: 11.10 Ekinn: 7.000 km
Verð: 6.450.000 kr. Raðnr. 997172*

GÆÐABÍLL/KÓPAVOGI

**Toyota Hilux**
3000 dísil sjálfsk.
Á götuna: 04.07 Ekinn: 92.000 km
Verð: 4.390.000 kr. Raðnr. 997231*

GÆÐABÍLL/KÓPAVOGI

**Toyota Auris**
1400 dísil beinsk. MM
Á götuna: 06.08 Ekinn: 50.000 km
Verð: 2.750.000 kr. Raðnr. 997264*

GÆÐABÍLL/KÓPAVOGI

**Toyota Land Cruiser 120 VX**
4000 bensín sjálfsk.
Á götuna: 04.05 Ekinn: 120.000 km
Verð: 4.690.000 kr. Raðnr. 996873*

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI

**Toyota Land Cruiser 200**
4700 bensín sjáfsk. Navi, Sóllúga, ofl.
Á götuna: 01.09 Ekinn: 52.000 km
Verð: 12.990.000 kr. Raðnr. 997229*

ÚRVALSBÍLL/KLETTHÁLSI

**Lexus RX400 EXE**
3300 bensín/rafmagn sjálfsk.
Á götuna: 04.08 Ekinn: 60.000 km
Verð: 6.790.000 kr. Raðnr. 997221*

ÚRVALSBÍLL/KLETTHÁLSI

**Lexus IS250**
2500 bensín sjálfsk. leður
Á götuna: 08.07 Ekinn: 29.000 km
Verð: 4.150.000 kr. Raðnr. 995734*

ÚRVALSBÍLL/KLETTHÁLSI

**Toyota Auris Luxury**
1600 bensín beinsk.
Á götuna: 11.07 Ekinn: 28.000 km
Verð: 2.750.000 kr. Raðnr. 996728*

GÆÐABÍLL/KLETTHÁLSI

**Toyota Avensis Sol**
1800 bensín sjáfsk.
Á götuna: 06.07 Ekinn: 63.000 km
Verð: 2.590.000 kr. Raðnr. 997217*

GÆÐABÍLL/KLETTHÁLSI

**Toyota Corolla Terra**
1400 bensín beinsk.
Á götuna: 06.07 Ekinn: 73.000 km
Verð: 1.790.000 kr. Raðnr. 996566*

GÆÐABÍLL/KLETTHÁLSI

**Toyota Corolla**
1600 bensín beinsk.
Á götuna: 06.04 Ekinn: 98.000 km
Verð: 1.450.000 kr. Raðnr. 996943*

GÆÐABÍLL/KLETTHÁLSI

**Toyota Land Cruiser 120 GX**
3000 dísil sjálfsk. beisli
Á götuna: 05.06 Ekinn: 107.000 km
Verð: 5.390.000 kr. Raðnr. 996439*

ÚRVALSBÍLL/KLETTHÁLSI

**Toyota Rav4 GX**
2000 bensín beinsk.
Á götuna: 05.08 Ekinn: 51.000 km
Verð: 3.390.000 kr. Raðnr. 995718*

**Hvað er Úrvalsbíll?**
**Er í verksmiðjuábyrgð.**
**12 mánaða viðbótarábyrgð.**

**Hvað er Gæðabíll?**
**Er ekki í verksmiðjuábyrgð.**
**3 mánaða viðbótarábyrgð.**

*Farðu á **www.toyotakopavogi.is**
og fáðu nánari upplýsingar um bílana
með því að skrá raðnúmer í leit.

**BNB-sölugreining**
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhalds-sögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annaðhvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

**Toyota Kópavogi**
**Nýbýlavegi 4**
**Sími: 570-5070**

**Notaðir bílar Kletthálsi**
**Kletthálsi 2**
**Sími: 570 5220**

**Afgreiðslutími: mán - fös 09.00 - 18.00**
**toyotakopavogi.is bnb@toyota.is kletthals@toyota.is**

Today
Tomorrow
Toyota

**GENGIÐ 21.06.2011**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 114,84 | 115,38 |
| Sterlingspund | 185,99 | 186,89 |
| Evra | 164,73 | 165,65 |
| Dönsk króna | 22,082 | 22,212 |
| Norsk króna | 20,795 | 20,917 |
| Sænsk króna | 17,964 | 18,070 |
| Japanskt jen | 1,4312 | 1,4396 |
| SDR | 183,36 | 184,46 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
219,8712
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Dæmdur í níu mánaða fangelsi og til að greiða hálfa milljón í miskabætur:

# Fyllti pilt og braut gegn honum

**DÓMSMÁL** Karlmaður hefur í Héraðsdómi Reykjaness verið dæmdur í níu mánaða fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn pilti sem þá var sextán ára. Maðurinn var einnig dæmdur til að greiða fórnarlambinu hálfa milljón króna í miskabætur. Loks var hann dæmdur fyrir að veita piltinum og félaga hans á svipuðum aldri áfengi, áður en hann braut gegn fórnarlambinu.

Maðurinn hitti piltana tvo og bauð þeim heim til sín. Þar veitti hann þeim bjór og vodka. Annar piltanna varð veikur af drykkjunni og fór heim. Hinum piltinum sagði maðurinn að leggja sig í rúmi hans. Þegar pilturinn vaknaði var maðurinn að fremja ýmiss konar kynferðislegt athæfi gagnvart honum.

**HÉRAÐSDÓMUR REYKJANESS** Dæmdi manninn í níu mánaða fangelsi.

Dómurinn leit meðal annars til þess að maðurinn hefði veitt piltinum ótæpilega áfengi, sem hefði valdið því að hann hefði orðið mjög drukkinn. Þá hefði pilturinn skömmu áður trúað manninum fyrir því hversu illa sér liði og hvaða erfiðleika hann hefði gengið í gegnum í lífi sínu. Maðurinn hefði því brotið gegn trúnaði piltsins, kynfrelsi hans og æru. Brot mannsins hefði verið alvarlegt og beinst að mikilvægum hagsmunum. - jss

Eimskip semur við Símann:

## Öllu tölvukerfi sinnt héðan

**VIÐSKIPTI** Síminn mun eftirleiðis sjá um þjónustu og rekstur upplýsingatæknikerfis Eimskips. Samningur var undirritaður í febrúar og hefur yfirfærsla á kerfi Eimskips yfir til Símans staðið yfir.

Þetta er með umfangsmeiri samningum Símans en um er að ræða heildarrekstur og hýsingu á öllum tölvubúnaði Eimskips, símkerfum og netkerfum ásamt vettvangsþjónustu og útstöðvarþjónustu. Eimskip er með um eitt þúsund tölvutengdar vinnustöðvar hér og erlendis tengdar tölvuneti sínu sem Síminn mun hýsa. - jab



**ENN ÓSAMIÐ** Flugmenn Icelandair fara í yfirvinnubann á föstudag náist ekki samningar fyrir þann tíma.

Deila Icelandair og flugmanna:

## Koma saman til fundar í dag

**KJARAMÁL Félag íslenskra atvinnuflugmanna og Icelandair funduðu hjá ríkissáttasemjara í gær um gerð kjarasamninga án þess að niðurstaða næðist. Fundur hefur verið boðaður í dag en flugmenn hafa boðað yfirvinnubann frá og með miðnætti á föstudag, náist samningar ekki.**

**Icelandair hefur boðið samning sem er sambærilegur við aðra kjarasamninga, en flugmenn segja málið snúast um vinnufyrirkomulag.** - þj

Tveggja ára fangelsi staðfest:

## Kveikti í „greni“ til að loka því

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur staðfest tveggja ára fangelsisdóm Héraðsdóms Reykjavíkur yfir karlmanni á sextugsaldri fyrir að kveikja í húsi við Tryggvagötu í Reykjavík í janúar 2009.

Maðurinn hellti bensíni úr plastbrúsa inn í stigagang hússins og kveikti síðan í.

Hann kvaðst hafa komist að því að fyrrverandi eiginkona hans, sem þarna átti heima, hefði verið í tygjum við tvo aðra karlmenn. Sjálfur hefði hann verið búinn að vera ölvaður dögum saman og hefði í reiði tekið „þá skyndiákvörðun að loka þessu greni“ með því að kveikja í því. - jss

# Íslenska hagkerfið á upp-leið en enn ljón í veginum

**OECD mælir með því að endurskipulagningu á skuldum einkaaðila verði flýtt og frekari menntunarúrræðum komið á fyrir atvinnulausa. Þá varar stofnunin við breytingum á kvótakerfinu og telur upptöku evru góðan kost fyrir landið. Þetta er meðal þess sem kemur fram í nýrri skýrslu um íslenska hagkerfið.**

**EFNAHAGSMÁL** Ísland er hægt og rólega að leysa hagrænu vandamálin sem bankakreppan orsakaði. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD) um íslenska hagkerfið. Þar segir að vel hafi gengið að framfylgja áætlun íslenskra stjórnvalda og AGS og samdrætti hafi verið snúið í hagvöxt í lok síðasta árs. Þá sé útlit fyrir þriggja prósenta hagvöxt á næsta ári, sem byggi helst á fjárfestingum.

Starfsmenn OECD kynntu skýrsluna fyrir blaðamönnum í gær, en slík skýrsla hefur komið út á tveggja ára fresti undanfarin ár. Í henni er settur fram fjöldi tillagna um breytingar á hagstjórn og lagasetningu með það fyrir augum að koma hagkerfinu á fullt fyrr en ella. Má þar nefna úrræði til að flýta fyrir endurskipulagningu á skuldum einkaaðila, menntunar- og þjálfunarúrræði fyrir atvinnulausa og úrræði til að flýta fyrir afnámi gjaldeyrishafta.

Í skýrslunni eru einnig lagðar til breytingar sem stuðla eiga að hagvexti til lengri tíma. Meðal annars er varað eindregið við breytingum á kvótakerfinu. Þá er hvatt til þess að dregið verði verulega úr opinberum stuðningi við landbúnað, stungið upp á upptöku evru sem besta kosti Íslands í gjaldmiðilsmálum, lagðar til reglur um fjárlagahalla og skuldastöðu ríkisins og mælt með sameiningu Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins.

Þá er niðurstaða Icesave-atkvæðagreiðslunnar sögð hafa haft lítil áhrif á stöðu hagkerfisins.

Að mati skýrsluhöfunda er bankakerfið það sem helst stendur hagvexti fyrir þrifum nú. „Ísland þarf að varast að enda eins og Japan eftir sína kreppu. Þar voru bankar ófærir um að lána til arðbærra verkefna vegna þess að stór hluti fjármagns þeirra var bundinn í gömlum lánum til fyrirtækja sem áttu sér ekki viðreisnar von. Það þarf að gera meira af því að endurskipuleggja lán einkaaðila,“ sagði David Carey, starfsmaður OECD, á blaðamannafundinum í gær og bætti við að til lengri tíma þyrfti að tryggja eðlilegan aðgang Íslands að alþjóðlegum fjármálamörkuðum og stuðla að sjálfbærri skuldastöðu ríkisins.

Carey sagði einnig að gjaldeyrishöftin hefðu verið gagnleg og nauðsynleg til að tryggja stöðugleika frá hruni. Nú væri hins vegar mikilvægt að losa þrýstinginn á gengi krónunnar frá aflandskrónum til að hægt sé að afnema höftin sem fyrst. Til lengri tíma valdi þau hagkerfinu töluverðum skaða.

Loks er það mat skýrsluhöfunda að framtíðarhorfur Íslands séu góðar. Óvissa sé til staðar um tímasetningar og stærð boðaðra stórframkvæmda en til lengri tíma sé staða landsins góð vegna dýrmætra náttúruauðlinda og sterks laga- og stofnanaumhverfis.

magnusl@frettabladid.is

**FRAMKVÆMDIR** Uppbygging orkufreks iðnaðar verður einn helsti aflvaki hagvaxtar á Íslandi næstu árin, að mati OECD. Þá mælir stofnunin með því að slík uppbygging fari áfram fram að teknu tilliti til umhverfissjónarmiða. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Vara við breytingum á kvótakerfinu

Í skýrslu OECD er að finna kafla um sjávarútveg á Íslandi. Þar er mikill og góður árangur sagður hafa náðst við stjórn fiskveiða og auðlindin sögð nýtt á hagkvæman hátt. Óskynsamlegt sé hins vegar að gera breytingar á kvótakerfinu sem grafi undan hagkvæmni í greininni, og ekki skuli stýra fiskveiðum með félagsleg sjónarmið að leiðarljósi. Þá er ekki sagt mögulegt að koma til móts við sjónarmið um meint óréttlæti kerfisins með því að fyrna aflaheimildir, þar sem stærstur hluti eigenda þeirra hafi keypt þær á markaði. Hins vegar sé hægt að koma til móts við slík sjónarmið með hóflegri hækkun auðlindagjalds. Á fundi þar sem skýrslan var kynnt kom fram að Gunnar Haraldsson, starfsmaður OECD, skrifaði umræddan kafla en aðspurður sagði hann kaflann ekki fjalla beint um þær tillögur sem ríkisstjórnin hefði sett fram um breytingar á kvótakerfinu heldur almennt um þá umræðu sem staðið hefði á Íslandi um kvótakerfið um langt árabil.

**Tónskálda-sjóður**

365

Tónskáldasjóði 365 er ætlað að stuðla að aukinni sköpun nýrrar íslenskrar tónlistar sem efla mætti íslenska menningu og dagskrárgerð, meðal annars á miðlum 365.

**Umsóknir með lýsingu á fyrirhuguðum verkefnum berist fyrir 1. júlí 2011 og stílist á:**

Tónskáldasjóð 365
Laufásvegi 40
101 Reykjavík

Umsóknum má skila inn rafrænt á info@stef.is.

## VEÐURSPÁ

**Snjólaug Ólafsdóttir** veðurfréttamaður

**SVIPAÐ NÆSTU DAGA** Fremur hæg N-læg átt, en hæg breytileg átt S-lands næstu daga. Líkur á síðdegisskúrum, einkum SV- og S-lands. Hiti 5-15 stig, hlýjast á S- og V-landi.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 30° |
| Basel | 27° |
| Berlín | 26° |
| Billund | 20° |
| Frankfurt | 25° |
| Friedrichshafen | 25° |
| Gautaborg | 20° |
| Kaupmannahöfn | 20° |
| Las Palmas | 28° |
| London | 19° |
| Mallorca | 30° |
| New York | 26° |
| Orlando | 34° |
| Ósló | 18° |
| París | 22° |
| San Francisco | 25° |
| Stokkhólmur | 19° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* ALMENNAR SÍMI 512-5401: Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is* SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is*, Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is* RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, KYNNINGARSTJÓRI: Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

# ÞAÐ ER SPORT AÐ SPARA

**ASICS GEL-VIRAGE 5**
Hlaupaskór með geldempun.
Dömu- og herrastærðir.

(fullt verð 17.990)

# 13.990

## NÝTT! Í INTERSPORT LINDUM

**10.990**

**FOOTBALANCE** Par af innleggjum.

## FRÍ GÖNGUGREINING!

### SÉRÚTBÚIN INNLEGG FYRIR ÞÍNA FÆTUR!

Engir fætur eru eins. Þess vegna býður Intersport upp á fría göngugreiningu til að sjá hvernig fætur þínir eru uppbyggðir. Út frá greiningunni getum við búið til innlegg sem leiðrétta fótastöðuna, auka þægindi og bæta árangur þinn um leið. Það tekur aðeins 10 mínútur að búa til hvert par af innleggjum. Talaðu við afgreiðslumann í skódeildinni.

**9.990**

**NIKE WMNS DART 8**
Hlaupaskór. Dömustærðir.

**9.990**

**NIKE DART 8**
Hlaupaskór. Herrastærðir.

**17.990**

**NIKE WMNS AIR DICTATE**
Hlaupaskór með loftpúðum undir tábergi og hæl.
Dömustærðir.

**23.990**



**NIKE AIR PEGASUS+ 27**
Hlaupaskór með loftpúðum undir tábergi og hæl. Herrastærðir.

# INTERSPORT

AKUREYRI / BÍLDSHÖFÐA / LINDUM / SELFOSSI / SMÁRALIND / www.intersport.is

EXPO - www.expo.is

## KJÖRKASSINN



*Myndir þú vilja kaupa kanínukjöt?*

| | |
|---|---|
| Já | 45,9% |
| Nei | 54,1% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Hefur þú lent í miklum seinkunum í flugi með Iceland Express?*

Segðu þína skoðun á visir.is

VÍSIR

**FRIÐLÝSING** Hverfjall og Dimmuborgir í Skútustaðahreppi verða friðlýst við hátíðlega athöfn í dag.

MYND/UMHVERFISSTOFNUN

Svandís friðar tvö landsvæði:

## Dimmuborgir friðlýstar í dag

**NÁTTÚRA Dimmuborgir og Hverfjall í Skútustaðahreppi verða friðlýst í dag við hátíðlega athöfn. Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra undirritar friðlýsinguna. Athöfnin fer fram við rætur Hverfjalls og inni í Dimmuborgum.**

**Hverfjall, sem heimamenn nefna Hverfell, er í eigu jarðarinnar Voga, og verður umsjón þess á hendi Umhverfisstofnunar. Dimmuborgir eru í eigu Landgræðslu ríkisins og verður gerður sérstakur samningu við Landgræðsluna um rekstur og umsjón þeirra. Heildarflatarmál Hverfjallssvæðisins er 312.72 hektarar en Dimmuborga 423,5 hektarar.**

**- kóp**

Slasaður eftir högg og spörk:

## Dæmdur í sekt eftir líkamsárás

**DÓMSMÁL** Karlmaður hefur verið dæmdur til að greiða 75 þúsund í sekt til ríkissjóðs og 90 þúsund í bætur til manns sem hann réðst á í júní. Lögregla sá til mannsins þar sem hann sparkaði til fórnarlambsins á Ingólfstorgi.

Maðurinn sem ráðist var á kvaðst hafa setið í bíl við Glaumbar þegar maður kastaði af sér vatni á bílinn. Hann sagðist hafa beðið manninn að hætta en samskipti þeirra endað með látum og leiðindum.

**- jss**

Kona á fertugsaldri ákærð fyrir umboðssvik og brot í opinberu starfi:

# Dró sér fé frá fólki á sambýli

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært konu á fertugsaldri fyrir að draga sér fé af bankareikningum tveggja heimilismanna á sambýli Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Vesturlandi.

Konunni er gefið að sök að hafa tekið samtals tæpar 660 þúsund krónur út af reikningunum og blandað saman við sitt eigið fé og ráðstafað í eigin þágu og fjölskyldu sinnar. Ýmist tók hún út upphæðir í reiðufé eða lét millifæra fjármuni á eigin bankareikning með beiðnum símleiðis við gjaldkera.

**FJÁRMUNIR** Mest tók konan út sextíu þúsund krónur í einu lagi en lægsta úttektin nam tíu þúsund krónum.

Hæsta millifærslan nam sextíu þúsund krónum en lægsta úttektin var tíu þúsund krónur.

Konan sem um ræðir misnotaði aðstöðu sína sem forstöðumaður Svæðisskrifstofunnar og umboðsmaður bankareikninganna tveggja í Landsbankanum á Akranesi með þessum hætti. Innistæður reikninganna voru ætlaðar heimilismönnum sambýlisins og er konan ákærð fyrir umboðssvik og brot í opinberu starfi. Málið var dómtekið í Héraðsdómi Vesturlands í gær og er dóms að vænta nú í júlí. Tekið skal fram að konan greiddi allt til baka eftir að málið uppgötvaðist og var kært til lögreglu. **- jss**

Áhrif efnahagskreppunnar:

## Glæpum fjölgar við Eystrasaltið

**SVÍÞJÓÐ** Efnahagskreppan hefur leitt til aukinnar skipulagðrar glæpastarfsemi kringum Eystrasalt. Þetta kemur fram í skýrslu ISDP sem fjármögnuð er af sænska ríkinu, að því er greint er frá á vefsíðu Göteborgs-Posten.

Aukinn virðisaukaskattur á áfengi og tóbak er meðal þess sem hefur leitt til aukinna ólöglegra viðskipta. Óttast er að fórnarlömbum mansals hafi fjölgað.

Fyrirtæki eru sögð hafa ráðið svart vinnuafl frá ráðningarstofum undir stjórn glæpagengja. **- ibs**

# Iceland Express hefur bætt stundvísina segir forstjórinn

**Stundvísi Iceland Express hefur batnað frá í fyrra segir forstjórinn og boðar enn meiri framfarir. Miklar seinkanir eru þó enn hjá félaginu. Isavia ohf. segist ekki heyra undir upplýsingalög og neitar í bili að birta gögn um seinkanir flugfélaganna. Samkvæmt frumvarpi stjórnarflokkanna á Alþingi verður því breytt.**

**SAMGÖNGUR** Matthías Imsland, forstjóri Iceland Express, segir stundvísi hjá félaginu hafa batnað mjög mikið í vetur.

Fréttablaðið sagði í gær frá því að í fyrrasumar hafi Iceland Express aðeins staðist áætlun í 36,2 prósent tilvika. Einnig kom fram að Icelandair hefði staðist áætlun í 73,8 prósent tilfella þessa þrjá sumarmánuði og SAS í 93,3 prósent tilvika.

Samkvæmt tölum frá Iceland Express var árangur félagsins að þessu leyti yfir vetrarmánuðina miklu betri. Þannig hafi að meðaltali 65 prósent af flugi félagsins staðist áætlun mánuðina september til maí. Stundvísi Icelandair það sem af er þessu ári er 76 prósent samkvæmt upplýsingum frá því félagi.

„Við höfum metnað til að standa okkur vel og ná stundvísinni hjá okkur upp í 75 prósent á ársgrundvelli og eru að vinna hörðum höndum að því," segir Matthías og nefnir sem dæmi um aðgerðir að nú sé alltaf aukaflugvél til taks ef bilanir komi upp og að brottfarartímar að morgni hafi veri færðir aftur fyrir brottfarartíma Icelandair til að skapa svigrúm.

Þrátt fyrir þetta hefur flugi Iceland Express seinkað mikið nú í júní. Algengt er að komu- og brottfarartímum seinki um tvær klukkustundir. „Við skiptum um þjónustuaðila og því miður voru ákveðnir hnökrar í byrjun sumarsins en það er algjört forgangsmál hjá okkur að koma þessu í lag," segir Matthías.

Fréttablaðið hefur óskað eftir því við Isavia, sem annast rekstur flugvalla hérlendis, að fá aðgang að gögnum fyrirtækisins um það hvernig öll flugfélögin hafa staðist áætlun frá í fyrrahaust.

„Þessi tölfræði hefur ekki verið gefin út opinberlega. Það hefur aftur á móti verið í athugun í einhvern tíma hvort við ættum að gefa þessar tölur út," svarar Hjördís Guðmundsdóttir, upplýsingafulltrúi Isavia, og bendir á að sem opinbert hlutafélag heyri Isavia ekki undir upplýsingalög eins og aðrar ríkisstofnanir.

Þess má geta að í frumvarpi ríkisstjórnarinnar um ný upplýsingalög sem nú er til meðferðar hjá allsherjarefnd Alþingis er gert ráð fyrir því að svokölluð opinber hlutafélög, eins og Isavia ohf., hafi upplýsingaskyldu gagnvart almenningi.

**gar@frettabladid.is**

### Flug Iceland Express 20. júní 2011

BROTTFARIR — Iceland Express

| TIL | ÁÆTLUN | BROTTFÖR | SEINKUN |
|---|---|---|---|
| VARSJÁR | 08.35 | 10.17 | 1.42 |
| EDINBORGAR | 08.40 | 11.28 | 2.48 |
| LONDON | 08.55 | 11.22 | 2.27 |
| KAUPMANNAHAFNAR | 08.55 | 11.26 | 2.31 |
| OSLÓ | 08.55 | 10.51 | 1.56 |
| BOLOGNA | 17.45 | 20.56 | 3.11 |
| NEW YORK | 17.50 | 19.45 | 1.55 |
| BOSTON | 17.55 | 20.36 | 2.41 |
| MEÐALTALSSEINKUN 20. JÚNÍ | | | 2.24 |

KOMUR — Iceland Express

| FRÁ | ÁÆTLUN | BROTTFÖR | SEINKUN |
|---|---|---|---|
| KAUPMANNAHÖFN | 00.30 | 01.37 | 1.07 |
| WINNIPEG | 07.10 | 09.42 | 2.32 |
| NEW YORK | 07.20 | 09.12 | 1.52 |
| LONDON | 16.20 | 18.18 | 1.58 |
| EDINBORG | 16.20 | 16.44 | 0.24 |
| KAUPMANNAHÖFN | 16.30 | 18.46 | 2.16 |
| VARSJÁ | 16.50 | 19.03 | 2.13 |
| GAUTABORG | 17.00 | 19.44 | 2.44 |
| MEÐALTALSSEINKUN 20. JÚNÍ | | | 1.53 |

Heimild: Keflavíkurflugvöllur

HJÖRDÍS GUÐMUNDSDÓTTIR

MATTHÍAS IMSLAND

### Flug á áætlun

| | Iceland Express | Icelandair |
|---|---|---|
| júní - ágúst 2010 | 36,2% | 73,8% |
| september 2010 | 67,1% | - |
| október 2010 | 81,3% | - |
| nóvember 2010 | 57,1% | - |
| desember 2010 | 33,8% | - |
| janúar 2011 | 69,5% | 85,4% |
| febrúar 2011 | 71,4% | 77,7% |
| mars 2011 | 69,6% | 80,5% |
| apríl 2011 | 70,1% | 85,3% |
| maí 2011 * | 56,8% | 76,0% |
| júní 2011 ** | - | 57,7% |

*Eldgos
**Vinnustöðvun flugvirkja

Heimild: Iceland Express og Icelandair

> Við skiptum um þjónustuaðila og því miður voru ákveðnir hnökrar í byrjun sumarsins en það er algjört forgangsmál hjá okkur að koma þessu í lag.
>
> **MATTHÍAS IMSLAND**
> FORSTJÓRI ICELAND EXPRESS

ÓDÝRT OG GOTT

# FYRIR BAÐHÐ

P029 100 x 50 sm

Allt settið:
49.900
stgr.

til afgreiðslu af lager

YTG03 122 x 50 sm

Allt settið:
99.800
stgr.

CORNER B 40 x 40 sm

Allt settið:
29.900
stgr.

## ÞVOTTAHÚS innréttingar

Djúpar mjúklokandi skúffur og full útdraganleg vinnuborð

verð frá
58.970
stgr.

P628 60 x 46 sm

Allt settið:
39.900
stgr.

YTG44 95 x 46 sm

75.900*
stgr.

*Spegill, hilla, ljós og blöndunartæki ekki innifalin í verði

Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!

www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

Forsetinn vekur athygli á tækifærum í orkuöflun:

# Dulin verðmæti liggja í hreinni orku

**ORKUMÁL** Möguleikar norðurslóða í orkumálum liggja ekki síst á sviði endurnýjanlegra orkugjafa, jarðhita og fallvatna, sem eru hluti af duldum verðmætum svæðisins.

Þetta sagði Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, í ávarpi sínu á ráðstefnu í Alaska í upphafi vikunnar, og bætti við að þó umræða hafi stjórnast af möguleikunum á sviði jarðefnaeldsneytis geti framþróunin á Íslandi verið öðrum löndum fyrirmynd.

Ólafur minntist einnig á möguleikana á auknum völuflutningum um Norður-Íshafið á næstu árum og þörfina á skýrri stefnumörkun hvað það varðar.

„Sú þörf sést ef til vill best á auknum áhuga Kínverja á samvinnu við Ísland. Raunin er að á síðasta áratug hef ég fundað oftar með kínverskum ráðamönnum og fulltrúum en ég hef tölu á.“

Ólafur bætti því við að hann hefði því miður ekki fengið nærri eins margar heimsóknir frá Bandaríkjunum.

Loks stakk hann upp á því að Ísland, Alaska og Rovaniemi-hérað í Finnland mynduðu með sér samvinnuvettvang um málefni tengd norðurslóðum. - þj

**HREINAR ÁHERSLUR Á NORÐURSLÓÐ** Forseti Íslands sagði á ráðstefnu í Alaska að ríki á norðurslóðum gætu lært margt af þróun íslenskra orkumála.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**Skrifstofur Kennarasambands Íslands**

verða lokaðar frá kl. 12 á hádegi miðvikudaginn 22. júní, vegna útfarar Ómars Árnasonar.

Kennarasamband Íslands

**HEITAR TILFINNINGAR** Tveir menn voru með háreysti í byrjun fyrirlestrar. Sá til vinstri jós fúkyrðum yfir viðstadda og skilja mátti orð hans sem hótun í garð gesta-fyrirlesarans: „Þú brosir kannski núna en þú munt ekki brosa síðar meir,“ sagði hann.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ísland í bílstjórasæti

**Samkvæmt „sjónarhorni frá Brussel“ gekk rýniferli Íslands og ESB vel og viðræður geta gengið eins hratt eða hægt og Íslendingar vilja. Landið stendur sterkt að vígi.**

**EVRÓPUMÁL** Íslendingar geta farið eins hratt eða hægt og þeir vilja í aðildarviðræðum sínum við Evrópusambandið, þeir eru „í bílstjórasætinu“. Svo segir skrifstofustjóri á stækkunarskrifstofu ESB, sem sér m.a. um aðildarumsókn Íslands, Alexandra Cas Granje. Hún flutti í gær fyrirlesturinn „Sjónarhorn frá Brussel“ hjá Alþjóðamálastofnun HÍ.

„Íslendingar eiga sinn réttmæta sess innan ESB ef þeir vilja,“ segir Cas Granje. Þetta sé spurning um vilja íslenskra stjórnmálamanna og almennings. Fyrirlestur hennar var haldinn við þau tímamót að rýniferlinu, þar sem löggjöf Íslands og ESB er borin saman, lauk á mánudag.

**ALEXANDRA CAS GRANJE**

Skrifstofustjórinn sagði að svo kynni að virðast að Ísland hefði ratað á sérstaklega sléttan og breiðan veg í viðræðunum. En Ísland fari sömu leið og aðrar þjóðir. Munurinn sé sá að landið hafi þegar tekið upp stóran hluta löggjafar ESB og sé lengra komið efnahagslega og pólitískt séð en önnur umsóknarríki.

Kannanir á stöðu landsins í jafnréttismálum, lýðræðismálum, og öðru sýndu að Ísland væri afar vel statt, betur en sum núverandi aðildarríki. Cas Granje eyddi nokkru máli í pólitíska hlið aðildarviðræðnanna.

„Stækkun ESB er innbyggð í erfðaefni sambandsins,“ segir Cas Granje, enda stuðli stækkun að samvinnu landa og að því að þau jafni ágreining friðsamlega.

Hún telur erfitt verða að semja um hvalveiðar, landbúnaðar- og sjávarútvegsmál. Bæta þurfi íslenskt matvælaöryggi. Einnig skemma fyrir deilur við einstök aðildarríki. En miklu skipti að markmið Íslands og ESB séu oft þau sömu, svo sem sjálfbærni í sjávarútvegi. klemens@frettabladid.is

www.lyfja.is

LYFJA
- Lifið heil

# + öryggi í hverju skrefi

**Göngutaskan er ómissandi í farteskið** hvort sem þú ætlar í langa og stranga ferð um hálendið eða léttan skreppitúr á næsta fjall. Festu hana í beltið eða stingdu henni í bakpokann. Byrjaðu ferðina með því að koma við í Lyfju og notaðu ferðina til að fylla á sjúkrakassann í bílnum eða bústaðnum og njóttu öryggis í allt sumar.

ÍSLENSKA SIA.IS LYF 49491 02/10

## Regenovex

**Regenovex** er árangursrík, fljótleg og náttúruleg lausn gegn eymslum og óþægindum í liðum líkamans. Gel, plástrar og perlur til að taka inn. Þú finnur árangurinn samstundis.

## Lóritín

**Lóritín 10 mg**
10 og 30 stk.

## Mygga og After Bite

**„Láttu ekki bíta þig“.**
**Mygga** er góð vörn gegn biti frá moskító-flugum, mýflugum, flóm og flestum öðrum skordýrum. Lyktar vel og klístrast ekki. Virkar í a.m.k. 6 klst.

**„Burt með kláðann!“**
**After Bite** er öflugt krem sem slær á kláða og bólgu undan biti frá moskító- og mýflugum, flóm og flestum öðrum skordýrum. Berist eingöngu á bitið eða stungusvæðið. Notist ekki á börn undir tveggja ára aldri.

## Heelen

**Heelen margnota hlífðarhúð**
Klippt niður eftir þörfum, límist vel á húðina og hægt að þvo og nota aftur og aftur.

Bjargvættur á ferðalaginu.

Í samvinnu við Félag íslenskra fótaaðgerðafræðinga

## Compeed

**Compeed plástur**
Verndar fætur og hindrar blöðrumyndun.

## Danatekt

**Danatekt** ferðasápan sem er ómissandi í langferðina. Danatekt Hár og kropvask er mild sápa sem þvær hár og húð án þess að að nota þurfi vatn. Danatekt - heilnæmar húðvörur án parabena.

Lágmúla - Laugavegi - Garðatorgi - Smáralind - Smáratorgi - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Patreksfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Blönduósi - Hvammstanga
Skagaströnd - Sauðárkróki - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstöðum - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Fáskrúðsfirði - Höfn - Laugarási - Selfossi - Grindavík - Keflavík

110% leiðin – átt þú rétt?

- Ef skuldir eru umfram 110% af verðmæti fasteignar er hægt að sækja um að skuldirnar verði færðar niður að 110% af verðmæti eignarinnar.
- Á við um lán til kaupa á íbúð til eigin nota sem áttu sér stað fyrir árið 2009.
- Ef veðrými er á öðrum eignum umsækjanda lækkar niðurfærsla skulda sem því nemur.
- Kannaðu málið fyrir 1. júlí nk., en þá rennur út frestur til að sækja um þessa niðurfærslu.
- Sækja skal um rafrænt á www.ils.is.
- **Umsóknarfrestur er til 1. júlí 2011.**

www.ils.is
Borgartúni 21 | 105 Reykjavík | Sími : 569 6900, 800 6969

Íbúðalánasjóður

512 50 50 Auglýsingasími
Allt sem þú þarft...

Talsmenn olíurisans Statoil leggja mikla áherslu á rannsóknir:

# Stórsókn í vændum

**NOREGUR** Talsmenn norska olíurisans Statoil blása á bölspár þrátt fyrir að framleiðsla hafi dregist saman jafnt og þétt síðustu átta ár og segja stórsókn í vændum.

Fréttablaðið sagði nýlega frá málinu, en í tilkynningu frá fyrirtækinu, sem norskir fjölmiðlar fjalla um, segir að stefnt sé að því að auka framleiðsluna úr 1,9 milljón tunnum á dag árið 2010 upp í 2,5 milljónir tunna árið 2020.

Til þess að svo megi verða hefur Statoil lagt mikla áherslu á rannsóknir og mun meðal annars verja þrettán milljörðum Bandaríkjadala til rannsókna í ár og öðru eins á næsta ári. - þj

**FULL FERÐ ÁFRAM** Statoil hefur boðað stóraukna olíuframleiðslu í kjölfar frétta um samdrátt.

**HERT LÖG** Erlendum afbrotamönnum verður sjálfkrafa vísað úr landi samþykki danska þingið ný lög innflytjendaráðherrans Sörens Pind. NORDICPHOTOS/AFP

Samstaða um brottvísun erlendra brotamanna:

# Verður vísað úr landi

**DANMÖRK** Öllum erlendum borgurum í Danmörku sem gerast sekir um glæpi verður vísað úr landi, verði frumvarp stjórnarflokkanna samþykkt á föstudag.

Frumvarp Sörens Pind, ráðherra innflytjendamála, nýtur stuðnings tveggja stærstu stjórnarandstöðuflokkanna, en samkvæmt því verður erlendum brotamönnum sem dæmdir eru til fangavistar sjálfkrafa vísað úr landi. Þó eru gerðar undantekningar ef dómstólar fallast á að sýnt hafi verið fram á að brottvísunin brjóti sannarlega í bág við alþjóðasamninga.

Með því er sönnunarbyrði komið yfir á þá dæmdu, en samkvæmt núgildandi lögum verður ákæruvaldið að krefjast brottvísunar.

Í samtali við danska blaðið Information segir Eva Smith, lögfræðiprófessor við Kaupmannahafnarháskóla, að nýja löggjöfin muni leiða til þess að oftar verði farið á svig við samninga og það sé áhyggjuefni.

Formaður Mannréttindastofnunar tekur undir það og segir að eftir því sem fleiri vafatilvik komi upp, verði líklegra að farið verði yfir mörk sem alþjóðasamningar setja. - þj

SUMAROPNUN SÖLU LÝKUR KL. 16

Tvöfaldur 1. vinningur

200.000.000
+300.000.000

500.000.000

ÞÚ TALDIR RÉTT:
500 MILLJÓNIR

Tvöfaldur fyrsti vinningur stefnir í 200 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 300 milljónir. **Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða fyrir klukkan fjögur í dag á næsta sölustað eða á lotto.is**

VÍKINGA LOTTÓ
ALLTAF Á MIÐVIKUDÖGUM!
MIÐINN GILDIR 22. JÚNÍ 2011

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| A. | 12 | 14 | 17 | 21 | 41 | 48 |
| B. | 05 | 16 | 23 | 36 | 37 | 38 |
| C. | 07 | 09 | 13 | 22 | 34 | 38 |
| D. | 03 | 06 | 19 | 24 | 25 | 31 |
| E. | 11 | 19 | 21 | 25 | 38 | 42 |
| F. | 01 | 25 | 35 | 36 | 39 | 46 |
| G. | 18 | 19 | 20 | 23 | 28 | 46 |
| H. | 22 | 27 | 29 | 39 | 40 | 42 |

Fíton/SÍA

178 útskrifaðir og fleiri eftir:

# Mikill fjöldi útskrifast frá Keili

**MENNTUN** **Alls hafa 178 nemendur útskrifast frá Keili á síðustu vikum. 140 nemendur útskrifuðust hinn 16. júní, þar af 57 af háskólabrú skólans. Fimmtíu einkaþjálfarar voru útskrifaðir, ellefu íþróttaþjálfarar og 22 flugþjónar.**

**Þá útskrifuðust 38 nemar frá útibúi skólans á Akureyri viku fyrr. Tuttugu útskrifuðust þaðan sem einkaþjálfarar, tveir sem íþróttaþjálfarar og sextán af háskólabrú. Í sumar verður útskrifað af öðrum brautum.** - þeb

Ekki útilokað að afkoma Byrs sé neikvæð um allt að níu milljarða króna eftir endurmat á útlánasafni:

# Byr átti að skila ársuppgjöri í mars

**VIÐSKIPTI** „Það tekur langan tíma að búa til fyrsta ársreikninginn eftir svona mikil umskipti. Það er umfangsmeira verk en alla jafna," segir Jón Finnbogason, forstjóri Byrs.

Uppgjör bankans fyrir síðasta ár átti lögum samkvæmt að liggja fyrir í mars en hefur enn ekki verið lagt fram. Að sögn Jóns skýrist töfin ekki síst af því að samhliða uppgjörinu þarf að birta stofnefnahagsreikning fyrir nýja bankann sem reis á rústum þess gamla í apríl í fyrra. Til samanburðar liðu um þrettán mánuðir frá falli gamla Landsbankans og þar til fyrsta uppgjör nýja bankans var birt.

Óendurskoðað uppgjör hefur legið frammi í rafrænu gagnaherbergi sem bjóðendur í bankann hafa fengið að sjá og segja þeir það ekki gefa skýra mynd af stöðunni.

Þeir sem Fréttablaðið hefur rætt við segja erfitt að átta sig á fjárhagsstöðu Byrs. Þeir segja endurmat á útlánasafni hans í kjölfar nýlegra gengislánadóma hafa brennt gat í bækur bankans og útiloka ekki að afkoma hans hafi verið neikvæð í fyrra um fjóra til níu milljarða króna. - jab

**BYR BER VIÐ HIMIN** Endurútreikningar á gengislánum Byrs eru taldir hafa sett skarð í afkomu bankans.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Söluferlið á Byr

Fyrri hluti tilboðs í nýtt hlutafé Byrs rann út á fimmtudag í síðustu viku og er talið víst að fjórir bankar hafi lagt fram tilboð í bankann; Arion banki, Íslandsbanki, Landsbankinn og MP banki. Á mánudag verður tilkynnt hverjir fá að halda áfram í tilboðsferlinu. Þeir fá ítarlegri fjárhagsupplýsingar um Byr en liggja fyrir í rafræna gagnaherberginu. Gert er ráð fyrir að sölunni ljúki um miðjan næsta mánuð.

ESB vill umbætur í ferlinu:

# Makedónía gæti dottið út

**EVRÓPUMÁL** Makedónía gæti fallið úr hópi umsóknarríkja, eða ríkja sem eru næst því að komast í ESB. Þetta segir framkvæmdastjóri stækkunarmála ESB, Stefan Fule, í viðtali við makedónska fjölmiðla, sem síðan Euractiv greinir frá. Önnur umsóknarríki eru Ísland, Króatía, Svartfjallaland og Tyrkland.

Stjórnvöld í Makedóníu eru sögð nota dómskerfi og lögreglu landsins til að þagga niður í gagnrýnisröddum og Fule vill bæta úr því áður en lengra er haldið í aðildarferlinu. Þá hafa deilur Grikkja og Makedóníumanna staðið í vegi fyrir framgangi aðildarviðræðnanna. - kóþ

**FASTEIGNIR** Sjötíu kaupsamningum var þinglýst á höfuðborgarsvæðinu í síðustu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fasteignir á höfuðborgarsvæði:

# Veltan á markaði tvöfaldaðist

**FASTEIGNAMARKAÐUR** **Velta á fasteignamarkaðnum á höfuðborgarsvæðinu vikuna 10. júní til og með 16. júní tvöfaldaðist miðað við sama tíma í fyrra.**

**Að því er fram kemur á vef Þjóðskrár var 70 kaupsamningum þinglýst í síðustu viku. Heildarveltan var 1.840 milljónir króna og meðalupphæð á samning var 26,3 milljónir króna.**

**Í tölum Þjóðskrár kemur fram að í vikunni 11. júní til 17. júní í fyrra var 35 samningum þinglýst. Heildarvelta var 947 milljónir og meðalupphæð samninga því rétt rúmar 27 milljónir.** - þj

Skoðanakönnun MMR:

# Lítið traust á Landlæknisembættinu

**STJÓRNSÝSLA** Einungis 32,3 prósent landsmanna bera frekar eða mjög mikið traust til Landlæknisembættisins ef marka má nýja skoðanakönnun MMR.

Alls sögðust 26,7 prósent treysta embættinu frekar lítið eða mjög lítið en 41,1 prósent tók ekki afstöðu í könnuninni, sem var gerð 9. til 15. júní.

Nokkur munur var á afstöðu til embættisins eftir aldri, menntun, starfi og tekjum. Eldra fólk bar minna traust til embættisins en yngra fólk. Um 18,7 prósent sérfræðinga kváðust bera lítið traust til embættisins borið saman við 38 prósent iðnaðarmanna. - mþl

GOTT Í MATINN - sumarblaðið
frá MS, bíður þín í flestum matvöruverslunum landsins.
Njótið vel og verði ykkur að góðu!

Hægt er að skoða blaðið inni á vefnum: www.gottimatinn.is

Í matargerðarlínunni **GOTT Í MATINN** teflum við fram góðum grunnhráefnum sem tilheyra mörgum ólíkum áherslum í matargerð.
Í sumarblaðinu í ár leggjum við áherslu á fjölskylduvænan mat sem hægt er að töfra fram við margvísleg tækifæri og njóta þess að borða hann í eldhúsinu heima, í sumarbústaðnum, á skjólgóðum svölum eða í gróskumiklum garði á mildum sumardegi. Uppskriftirnar í nýja sumarblaðinu eru fljótlegar og einfaldar og síðast en ekki síst einstaklega góðar.

**MEÐAL EFNIS Í SUMARBLAÐINU:**

- Grillveisla sælkeranna
- Nýjungar frá MS
- Mexíkófagnaður fyrir alla fjölskylduna
- Sumarlegir ostapinnar með Búra og Ísbúa
- Einfalt og hollt á ljúfum sumardegi
- Einfalt á 5 mínútum
- Heitar og kaldar sósur með grillmatnum
- Maríneringar

FABRIKAN

Gott í matinn

www.gottimatinn.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hagfræðingar hafa betri hugmyndir að sátt um fiskveiðistjórnunarkerfið en stjórnmálamenn:

## Sáttaleiðin

Efnahags- og framfarastofnunin, OECD, hefur nú sagt sitt álit á hugmyndum ríkisstjórnarinnar um róttækar breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu. Það er mjög samhljóða skýrslu innlendra hagfræðinga, sem sjávarútvegsráðherra fékk til að rýna frumvarp sitt til breytinga á fiskveiðistjórnunarlögunum.

Hagfræðingar OECD vara þannig eindregið við breytingum á kvótakerfinu í þágu byggða- og félagslegra sjónarmiða, sem dragi úr hagkvæmni kerfisins. Þeir eru jafnframt sammála hagfræðinganefnd sjávarútvegsráðherra um þá óhagkvæmni og sóun sem þegar á sér stað vegna byggðakvóta og strandveiða.

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

OECD bendir réttilega á að nú sé orðið of seint að gera nokkuð við hinu upphaflega ranglæti kvótakerfisins, þegar útgerðarmönnum voru afhent mikil verðmæti án þess að nokkurt gjald kæmi fyrir. Yrði sú leið farin að fyrna núverandi veiðiheimildir, sem flestar útgerðir keyptu á markaðsverði, væri afleiðingin nýtt óréttlæti.

OECD hvetur hins vegar til þess að auðlindagjaldið verði hækkað, þó ekki svo mikið að útgerðarfyrirtækin standi ekki undir því. Þetta er sömuleiðis í takt við niðurstöður hagfræðinganefndarinnar, sem sagði hækkun veiðigjaldsins í frumvarpi sjávarútvegsráðherra hóflega eina og sér, ef ekki kæmu líka til allar þær breytingar sem augljóslega munu bitna á hagkvæmni í atvinnugreininni.

Hagfræðingar OECD benda á að hækkun veiðigjaldsins sé leið til að auka sátt um fiskveiðistjórnarkerfið. Atvinnugreinin tæki á sig aukna skattlagningu, en fengi á móti meiri vissu um að hún héldi veiðiréttindunum.

Út úr áliti hagfræðinganna, bæði þeirra sem unnu álitsgerðina fyrir sjávarútvegsráðherra og þeirra sem starfa fyrir OECD, má lesa að skynsamlega leiðin til sátta í sjávarútveginum er að hækka veiðileyfagjaldið en hreyfa sem minnst við öðrum þáttum kvótakerfisins. Þannig er komið til móts við það sjálfsagða réttlætissjónarmið að útgerðin greiði þjóðinni fyrir afnotarétt sinn af auðlindinni. Þannig er sömuleiðis tryggt að sjávarútvegurinn sé áfram arðbær atvinnugrein sem stendur undir slíkri gjaldtöku.

Í stjórnarliðinu er farið að örla á skilningi á því að þessar hugmyndir eru skynsamlegri en þær sem lentu inni í frumvarpi sjávarútvegsráðherra og geta stórskaðað eina af undirstöðuatvinnugreinum landsmanna. Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, hefur þannig talað fyrir því að byrjað verði á málinu upp á nýtt og tryggt að hér starfi arðbær sjávarútvegur sem standi undir hagsæld þjóðarinnar.

Því verður satt að segja ekki trúað að enn sé meirihluti fyrir frumvarpi sjávarútvegsráðherra á Alþingi eftir að jafnýtarleg og vel rökstudd gagnrýni hefur komið fram um efnahagslegar afleiðingar þess. Þeim sem vilja halda málinu til streitu getur ekki verið alvara þegar þeir segjast vilja bæta lífskjörin á Íslandi.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hin stórhættulega nefnd

Þá er komið að því – það gerðist sem Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir og Ragnheiður Elín Árnadóttir, þingmenn Sjálfstæðisflokksins, óttuðust svo mjög. Dómnefnd um framtíðarskipan Þingvalla er tekin til starfa og innanborðs er hinn stórhættulegi Andri Snær Magnason. Í gær var kynnt hugmyndaleit um vellina og dómnefndin mun taka afstöðu til innsendra hugmynda. Og spurningin? Jú: Hvernig má bjóða gestum að upplifa og njóta sérstöðu Þingvalla með virðingu fyrir náttúru og sögu og í góðri sátt við komandi kynslóðir?

### Umdeildi maðurinn

Miðað við spurninguna er kannski ekki nema von að þeim stöllum Þorgerði og Ragnheiði hafi þótt Andri Snær allt of umdeildur til að taka þátt í starfi nefndarinnar. Hugmyndir Andra eru líklega svo róttækar að þær rúmast trauðla innan heimsminjaskrár SÞ, en Þingvellir eru þar á blaði. Eða var þetta kannski bara stormur í vatnsglasi, pólitískt vindhögg?

### Áreiðanlegt félag

Athyglisverðar tölur voru birtar í Fréttablaðinu í gær þegar í ljós kom að vélar flugfélagsins Iceland Express voru of seinar í tæplega 64 prósentum tilvika. Vissulega há tala, en má ekki líka segja að félagið hafi sýnt ákveðna stefnufestu og áreiðanleika? Mátti ekki fara að treysta á að vélar þess yrðu seinar?

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR

# Um Grikkland í vanda

Efnahagsmál

Árni Páll Árnason
efnahags- og viðskiptaráðherra

Fréttir berast nú reglulega frá Grikklandi af erfiðleikum og stjórnmálalegri upplausn og vaxandi vantrú er á vilja og getu Grikkja til að leysa vandann. Áhættuálag á landið er orðið svo gríðarlegt að árangur af skynsamlegri umbótaáætlun gæti orðið skjótvirkur. Samstöðuleysið er líklega alvarlegasta efnahagsvandamál Grikkja.

Saga Grikkja er okkur holl áminning. Grikkir ofskuldsettu sig með ámóta hætti og íslensk sveitarfélög, heimili og fyrirtæki, á þeim tíma þegar aðgangur að lánsfé á góðum kjörum var ótakmarkaður. Í kjölfar aðildar Grikklands að evrunni átti gríska ríkið – og þannig líka grísk sveitarfélög og fyrirtæki – kost á ódýrara lánsfé en nokkru sinni fyrr og freistuðust til að taka mikið að láni, því afborganirnar voru svo auðveldar. Nú, þegar áhættuálag eykst, hækkar tilkostnaðurinn við skuldirnar.

Allir eru sammála um að Grikkland sé spillt land. Og víst er að þar í landi eru skattar ekki innheimtir nema eftir hentugleika, vildarvinum er raðað í opinber embætti og njóta eftirlaunaforréttinda. En þessi mynd er okkur líka kunn. Þetta er ekkert ósvipað og Ísland árið 1975. Vildarvinir fengu þá að fresta skattgreiðslum á lágum nafnvöxtum á meðan óðaverðbólga vann á skattskuldinni. Vildarvinir fengu líka lán á lágum nafnvöxtum í bönkum í ríkiseigu. Opinber störf voru frátekin fyrir vildarvini.

> En þessi mynd er okkur líka kunn. Þetta er ekkert ósvipað og Ísland árið 1975.

Allt á þetta að vera okkur holl áminning. Við njótum nú þess að skynsamir stjórnmálamenn tóku á því ófremdarástandi sem ríkti á Íslandi á áttunda og níunda áratugnum. Bundinn var endi á pólitískar lánveitingar á niðurgreiddum vöxtum og skattkerfið endurbætt, með staðgreiðslu skatta og virðisaukaskattsinnheimtu með ströngum viðurlögum. Fyrir vikið höfum við búið við heilbrigða innviði til að takast á við efnahagserfiðleika síðustu ára.

Margt er enn ógert á Íslandi. Við verðum að halda áætlun um afgang á ríkisfjármálum árið 2013 til að tryggja að Ísland sogist ekki inn í hringiðu vanskila og efnahagslegra erfiðleika. Og við verðum að læra að sameinast um verkefnin sem varða leiðina út.

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

FLEIRI MÖRK OG FASTARI SKOT Á BOLTAVAKT VÍSIS

Fylgstu með Pepsideildinni í Boltavaktinni á Vísi. Beinar textalýsingar allra leikja, útvarpslýsing á leik í hverri umferð í Boltavarpinu og umfjöllun strax að loknum leik. Myndbönd með viðtölum öll mörkin í sjónvarpi Vísis.
Vertu á Boltavaktinni með Vísi í sumar.

Meira sjónvarp,
meira útvarp,
meiri fréttir,
meiri upplýsingar,
meiri umræða,
meira líf,
meiri íþróttir,
meiri virkni,
meira úrval.
Þú færð meira af öllu á Vísi.

Bolta varpið í beinni á Vísi

vísir Meiri Vísir.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
HELGAREFNI: Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* MENNING: Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* ALLT OG SÉRBLÖÐ: Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
ÍÞRÓTTIR: Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is*

# „Óvissuferð“ sérstaks saksóknara

Fjármál

Lýður Guðmundsson
stjórnarformaður Bakkavör Group

Nýverið var undirritaður sóttur heim að morgni og færður í yfirheyrslu af starfsmönnum embættis sérstaks saksóknara (ESS) í tengslum við rannsókn embættisins á starfsemi VÍS. Handtakan kom mér verulega á óvart, enda var ég fullviss þá og er enn að ekkert ólöglegt átti sér stað í starfsemi VÍS þau ár sem ég tengdist félaginu. Við skýrslutöku hjá ESS voru bornar á mig fjarstæðukenndar sakir, í raun svo fráleitar að ég get ekki orða bundist.

Á hrunárinu 2008 skilaði VÍS 242 milljóna króna hagnaði eftir skatta. Til samanburðar þá tapaði Tryggingamiðstöðin 17,6 milljörðum og Sjóvá tapaði 30,2 milljörðum. Ástæða þessa mikla munar er ekki tilviljun. Þegar Exista keypti allt hlutafé í VÍS á árinu 2006 átti VÍS fyrir stóran eignarhlut í Kaupþingi banka. Eftir kaupin var ákveðið að geyma öruggustu eignir samstæðunnar í VÍS en áhættusamari eignir (t.d. hlutabréf í Kaupþingi) í móðurfélaginu Exista. Lögum samkvæmt þurfa tryggingafélög alltaf að eiga næga sjóði til að geta mætt framtíðartjónum. VÍS átti eftir þessa breytingu öruggar eignir til að mæta öllum skuldbindingum vegna áætlaðra tjóna. Til viðbótar átti VÍS tæpa 10 milljarða króna í eiginfé í árslok 2008. Öldungis frábær staða eftir mesta eignahrun í sögu þjóðarinnar.

### Umboðssvik gegn sjálfum mér

Þótt stefna VÍS um fjárfestingar hafi í raun aðeins fylgt erlendum viðmiðum taldi Fjármálaeftirlitið (FME) rétt að rannsaka hvort góð afkoma VÍS á árinu 2008 byggðist á hagnýtingu innherjaupplýsinga. Þeirri rannsókn var sjálfhætt. FME var þó ekki af baki dottið og nú stend ég í þeim sporum að vera sakaður um hið gagnstæða – að hafa misbeitt stöðu minni hjá VÍS þannig að fjármunir hafi tapast. ESS tók svo við keflinu af FME og gerði lýðum ljóst að meint brot mín vörðuðu hvorki meira né minna en við allan auðgunarbrotakafla hegningarlaga. Mátti ég láta segja mér tíðindin þrisvar eins og Njáll forðum enda hljóma sakirnar fyrir mér, ólöglærðum manni, líkt og ég hafi stolið peningum VÍS. Staðreyndin er þó sú að meint brot lúta ekki að því að ég hafi hagnast persónulega heldur er ég sakaður um að hafa ekki gætt hagsmuna VÍS sem stjórnarformaður, sem heitir í lögfræði umboðssvik. Mér finnst þessi ásökun galin enda var Exista eigandi alls hlutafjár VÍS og ég var stærsti eigandi Exista. Með því að gæta ekki hagsmuna VÍS hefði ég því skaðað sjálfan mig mest.

### Ruglið úr rannsóknarskýrslunni

FME er fullkunnugt um þessa forsögu málsins enda hafa henni verið gerð rækileg skil í bréfaskiptum við stofnunina. Samt er ákveðið að leggja upp í það sem Ólafur Hauksson, sérstakur saksóknari, kallaði svo ósmekklega í viðtali við mbl.is 1. júní „óvissuferð“.

> Landsdómsmálið er vitaskuld þjóðarskömm enda augljóslega pólitík í sinni ömurlegustu mynd.

ESS réttlætti ferðalagið með því að fyrir lægi kæra frá FME. Embættinu ber engu að síður, áður en lagt er upp í slíka „óvissuferð“, að huga að réttmæti kærunnar og hvort hún eigi við einhver rök að styðjast. Í yfirheyrslunni varð mér fljótt ljóst að þetta hafði ESS ekki gert. Margar spurningar sem fyrir mig voru lagðar voru mér óskiljanlegar og það sem verra var spyrjandinn virtist ekki átta sig á þeim heldur. Á einum tímapunkti í yfirheyrslunni var Rannsóknarskýrsla Alþingis dregin upp og spurt beint upp úr henni, eins og hún væri hluti af rannsóknargögnunum. Þótt vænisjúkustu sófasaksóknarar þjóðarinnar hafi keppst við að lofa skýrsluna fyrir „mikil gæði“, sumir jafnvel sama dag og þessi mörg þúsund blaðsíðna doðrantur kom út, þá var aldrei rætt við mig né nokkurn hjá Exista við gerð hennar. Það er vitaskuld með ólíkindum miðað við hve miklu rými er varið í Exista í skýrslunni. Og hvað við kemur Exista er skýrslan morandi í villum og röngum ályktunum og því frábað ég mér með öllu að þurfa sitja undir slíku rugli í yfirheyrslu.

### Uppgjör án fordæma

FME stærir sig af því hafa sent nálega 70 mál til ESS frá því að nýr forstjóri tók við. Margir hrapa sjálfsagt að þeirri ályktun að þetta sé til merkis um að hér hafi verið rekið fjármálakerfi sem byggðist almennt á óheiðarlegu fólki sem skirrðist ekki við að ganga á svig við lög. Mér finnst blasa við að þetta séu merki um að rannsóknin sé komin í ógöngur. Því til enn frekari staðfestingar nefni ég þá staðreynd að 216 manns höfðu réttarstöðu sakbornings í málum sem ESS hafði til meðferðar í mars 2011. Eflaust hefur þeim fjölgað eitthvað síðan.

„Uppgjörið“ hér á landi við hrunið á sér engin fordæmi erlendis. Ekkert sambærilegt á sér stað á Írlandi eða Grikklandi svo dæmi séu tekin. Þá hefur enginn forstjóri banka á Wall Street verið ákærður í kjölfar hrunsins, þótt þar hafi allir fjárfestingarbankarnir í raun orðið gjaldþrota. Enginn hefur verið ákærður vegna hinna svokölluðu undirmálslána í Bandaríkjunum, en almennt eru þau talin ein helsta orsök þess óskapnaðar sem skall á fjármálamörkuðum haustið 2008. Ástæðan er ekki að lögregluyfirvöld í Bandaríkjunum hafi ekki verið að skoða þessi mál, heldur að illa hefur gengið að finna lögbrot. Þar leyfast ekki „óvissuferðir“ eins og ESS stundar hér. Þá má bæta því við að enginn stjórnmálamaður í heiminum hefur verðið ákærður í tengslum við hrunið nema Geir H. Haarde. Landsdómsmálið er vitaskuld þjóðarskömm enda augljóslega pólitík í sinni ömurlegustu mynd.

### Óendanlega sárt

Mér gremst það mjög að horfa upp á fyrrum samstarfsmenn mína missa lífsviðurværi sitt og æru vegna þess eins að þeir framfylgdu stefnu og ákvörðunum stjórna fyrirtækja þar sem ég var í fyrirsvari. Ég mun standa reikningsskil gjörða minna og óttast þau ekki. Ég hafði sjálfur mikla persónulega hagsmuni af rekstri og viðgangi þessara fyrirtækja. Mig tekur það óendanlega sárt að sjá rannsakendur reyna að flækja samstarfsmenn mína, fagmenn með áratugareynslu á sínu sviði, inn í rannsókn sem er byggð á sandi. Þeir, eins og aðrir sakborningar, mega búast við því að hafa stöðu sakbornings svo árum skiptir. Óhjákvæmilega markar slíkt þá og þeirra nánustu fyrir lífstíð. Og þegar mál þeirra verða látin niður falla þá mun hinn sérstaki saksóknari eflaust bregða út af vananum og sleppa því að hringja í fjölmiðla.

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**STEINGRÍMUR HERMANNSSON** fyrrverandi forsætisráðherra (1928-2010) fæddist þennan dag.
*„Verðleikar Gunnars Thoroddsens réðu mestu um það að stjórn hans varð að veruleika. Fáir hefðu getað leikið stjórnarmyndun hans eftir.“*

## Merkisatburðir

**168** f.Kr. Rómverjar sigra Makedóníumenn í orrustunni við Pydna.

**1372** Englendingar bíða ósigur fyrir sameinuðum flota Frakka og Kastilíumanna í orrustunni við La Rochelle.

**1636** Herstjóraveldið í Japan bannar allar ferðir Japana til og frá landinu. Bannið gildir til ársins 1853.

**1939** Hitamet er sett á Teigarhorni í Berufirði: Mesti mældur hiti á Íslandi frá upphafi mælinga, 30,5°C.

**1941** Þýskaland hefur innrás í Sovétríkin.

**1977** Hópferðabíll veltur í Biskupstungum og liggur við stórslysi. Í bílnum eru 46 farþegar af skemmtiferðaskipi og meiðast margir þeirra en enginn alvarlega.

**1991** Á Snæfellsjökli falla hjón niður í alldjúpa sprungu en er bjargað.

## AFMÆLI

**KRIS KRISTOFFERSON** leikari og kántrísöngvari er 75 ára.

**ÞÓR TÚLINÍUS** leikari er 52 ára.

**MERYL STREEP** leikkona er 62 ára.

**EYRÚN MAGNÚSDÓTTIR** fyrrverandi sjónvarpskona er 32 ára.

†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,*

**Friðþjófur I. Strandberg**
sjómaður,
til heimilis að Melgerði 32, Kópavogi,

lést á líknardeild Landspítalans laugardaginn 18. júní. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Guðrún Magnúsdóttir Strandberg**
**börn, tengdadætur, barnabörn, barnabarnabörn og bróðir.**

†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Þuríður Svava Kjartansdóttir**
Sólvöllum 7, Selfossi,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi laugardaginn 18. júní. Útförin verður gerð frá Selfosskirkju miðvikudaginn 29. júní kl. 13.30.

**Óli Þ. Guðbjartsson**
**Kjartan Ólason** — **Valgerður Bjarnadóttir**
**Anna María Óladóttir** — **Jóhann M. Lenharðsson**
**Guðbjartur Ólason** — **Margrét Sverrisdóttir**
**Haraldur Óli Kjartansson**
**Melkorka Kjartansdóttir** — **Elín Svava Kjartansdóttir**
**Þórunn Anna Guðbjartsdóttir** — **Óli Þorbjörn Guðbjartsson**

†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem auðsýndu okkur samúð og hlýhug við fráfall föður okkar,*

**Aðalsteins Sigfúsar Árelíussonar**
frá Geldingsá.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Asparhlíðar fyrir yndislegheit og góða umönnun.
Kærar þakkir til ykkar allra.

**Lára Kristín Sigfúsdóttir**
**Hafsteinn Sigfússon**
**Halldór Heiðberg Sigfússon**
**Sigrún Heiðdís Sigfúsdóttir**
**Sólveig Sigfúsdóttir**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn**

**ÞETTA GERÐIST** 22. JÚNÍ 1986

# *Maradona fær hjálp frá guði*

Á þessum degi árið 1986 skoraði argentínski knattspyrnumaðurinn Díego Maradona tvö mörk í heimsmeistarakeppni í leik gegn Englandi. Mikil spenna var fyrir leikinn, enda höfðu samskipti þjóðanna utan fótboltavallarins verið ærið stirð vegna Falklandseyjastríðsins.

Lið Argentínu þótti sterkara og hafði einbeittan sigurvilja. Fyrsta markið sem Maradona skoraði var hins vegar mjög umdeilt. Í fyrstu virtist hann hafa skallað boltann í markið en síðar kom í ljós að hann hafði kýlt boltann í netið með vinstri hendi án þess að dómarar tækju eftir. Þegar Maradona var spurður út í markið eftir leikinn sagði hann að markið hefði verið skorað að hluta með hausnum og að hluta með „hendi guðs“, eða Mano de Dios.

Örfáum mínútum síðar skoraði Maradona mark sem árið 2002 var valið besta mark í sögu HM. Argentína sigraði síðar Þjóðverja í úrslitum og varð þar með heimsmeistari í knattspyrnu.

**GERIR EITTHVAÐ** Sif Sigfúsdóttur fannst vanta vefsíðu þar sem hægt væri að finna upplýsingar um allt það sem er á döfinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**SIF SIGFÚSDÓTTIR:** OPNAÐI VEFINN WWW.GERUMEITTHVAD.IS

# Sumar konur prjóna, ég vef

„Ég hef sjálf verið með sex börn með lögheimili heima hjá mér og hef í gegnum tíðina reynt að finna eitthvað að gera fyrir þau öll. Þessi vefsíða er því að vissu leyti leið til að auðvelda mér vinnuna,“ segir Sif Sigfúsdóttir glaðlega. Hún stofnaði nýlega vefinn www.gerumeitthvad.is þar sem finna má viðburði fyrir alla fjölskylduna alla daga ársins og um allt land.

„Ég er búin að ganga með þessa hugmynd í maganum í tvö ár enda fannst mér vanta síðu þar sem hægt væri að finna yfirlit yfir allt það sem er að gerast,“ segir Sif, sem fékk forritara með sér í verkefnið í fyrra en sér nú sjálf um alla forritun og vinnslu á myndum, auglýsingum og texta.

„Fyrsta hugmyndin var að einblína á viðburði fyrir börn en svo ákvað ég að bæta við flokkum fyrir eldri borgara, 20 ára og eldri og að lokum allt landið,“ segir Sif. Hún bendir á að vefurinn sé þannig einkar sniðugur fyrir fólk sem hyggi á ferðalög út á land.

Vefinn vinnur Sif í frítíma sínum en annars er hún markaðs- og samskiptastjóri á félagsvísindasviði Háskóla Íslands. „Sumar konur prjóna á kvöldin, ég vef,“ segir hún og hlær.

En hvernig fær hún upplýsingar um allt sem er að gerast? „Efst á síðunni er flipi þar sem hægt er að senda mér upplýsingar og fæ ég fullt í gegnum hann bæði frá einstaklingum, listasöfnum og ýmsum öðrum. Svo er ég sjálf alltaf á tánum og hendi inn upplýsingum þegar ég sé eitthvað áhugavert,“ upplýsir Sif og segir mun meira að gera fyrir fjölskylduna en hún hélt í fyrstu. Til dæmis séu í boði margir smáir en skemmtilegir viðburðir sem oft á tíðum séu lítið auglýstir. „Ef við tökum Viðey og Árbæjarsafn sem dæmi þá er alveg heilmikið að gerast þar í allt sumar,“ segir hún og bendir einnig á göngur Ferðafélags Íslands.

Sif segist hafa fengið mjög góð viðbrögð við síðunni. „Tuttugu þúsund manns hafa skoðað hana frá því í mars,“ segir hún en vinsælustu undirflokkarnir eru börn og 20+ en í seinni flokknum er að finna ýmsa smærri tónleika og viðburði.

„Ég er enn þá rétt að byrja og geri þetta áhugans vegna. Ég hef unnið síðuna eftir kenningum markaðsfræðingsins Guy Kawasaki, sem sagði að allar viðskiptahugmyndir þyrftu að gleðja heiminn, uppfylla þörf og auka lífsgæði,“ segir Sif og telur síðuna falla vel að þeirri hugmyndafræði. Hún hvetur að lokum alla til að senda sér upplýsingar um uppákomur um allt land á síðunni gerumeitthvad.is

**solveig@frettabladid.is**

†

*Elskulegur sonur minn, bróðir minn, mágur og frændi,*

**Bragi Kristjánsson**
Sólvallagötu 9, Keflavík,

lést á Sjúkrahúsinu í Keflavík hinn 17. júní síðastliðinn. Útförin fer fram í kyrrþey.

**Guðbjörg Þórhallsdóttir**
**Baldur Kristjánsson**
**Svala Björgvinsdóttir**
**Sigríður Baldursdóttir**
**Sif Baldursdóttir**

†

*Innilegar þakkir til allra er sýndu okkur samúð og hlýju við andlát og útför okkar ástkæra föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Stefáns Frímanns Jónssonar**
múrarameistara, Kirkjuvegi 11, Reykjanesbæ.

Sérstakar þakkir til starfsfólks D-deildar Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja fyrir einstaka umönnun og hlýtt viðmót.

**Börn hins látna, fjölskyldur og aðrir aðstandendur.**

**Bláa lónið og Grindavíkurbær** bjóða upp á árlega Jónsmessugöngu laugardagskvöldið 25. júní. Gangan hefst við Sundlaug Grindavíkur kl. 20.30 en sætaferðir verða frá BSÍ og Reykjanesbæ. Gengið verður á fjallið Þorbjörn, þar sem Hreimur Örn Heimisson og Vignir Snær Vigfússon leika tónlist við varðeld. Á eftir heldur dagskráin áfram í Bláa lóninu. www.grindavik.is

# ;ALLT



**Sölufulltrúi: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473

Rithöfundarnir Tobba Marínós og Ármann Reynisson geta vel hugsað sér að ferðast saman.

# *Færu út með tómar töskur*

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ég sé strax fyrir mér Ítalíu," segir Ármann Reynisson rithöfundur þegar Fréttablaðið forvitnast um hvert hann og rithöfundurinn og fjölmiðlakonan Tobba Marínós, myndu skella sér saman í ferðalag.

„Það er einmitt eitt af mínum uppáhaldslöndum," segir Tobba. „Við gætum heimsótt Írisi vinkonu mína sem býr í Mílanó. Hún er ljósmyndari og gæti smellt af okkur mynd. Maðurinn hennar er kokkur svo við gætum borðað hjá honum."

„Þá sé ég fyrir mér að fljúga til Mílanó með tómar töskurnar, heimsækja tískuhúsin og klæða okkur upp fyrir ferðina," stingur Ármann upp á og Tobba segir þau ekki

FRAMHALD | 3

**Hveragerði** er fremur ungt bæjarfélag, en þorpsmyndun hófst þar árið 1929. Hveragerðishreppur var stofnaður 1946 og varð bæjarfélag 1987. Árið 2011 voru íbúar orðnir 2.316.

Gönguleiðir út frá Hveragerði.

# Pottaferð í Reykjadal

**Útivistarmöguleikar út frá Hveragerði eru æði margir. Ein vinsælasta gönguleiðin er upp Reykjadalinn í Ölfusi, en hún þykir afskaplega fögur. Þar er einnig hægt að hvíla lúin bein í heitri laug.**

„Reykjadalur er mikil útivistarperla. Þar er mikil náttúrufegurð og þegar gengið er um dalinn má sjá litrík hverasvæði, auk þess sem magnað er að ganga meðfram Djúpagili þar sem sjá má fagra fossa.“ Þannig lýsir Jóhanna Margrét Hjartardóttir, menningar- og frístundafulltrúi Hveragerðisbæjar, gönguleiðinni upp Reykjadalinn frá Hveragerði. Leiðin er afskaplega vinsæl enda býður hún ekki aðeins upp á eitthvað fyrir augað heldur er einnig upplagt að hafa með sér sundföt til að baða sig í heitri laug.

„Þetta er mjög vel merkt og afskaplega greiðfær leið og engin hætta á að týnast; hins vegar þarf að fara varlega í kringum heita hveri, sem geta verið varasamir,“ segir Jóhanna, sem hefur farið um dalinn í ófá skipti.

Dalinn má nálgast á tvennan máta. Annars vegar er hægt að leggja bílnum rétt við Árhólmana við hesthúsin í Hveragerði og ganga upp Rjúpnabrekkurnar að Reykjadalsánni, upp að Ölkelduhnúk og til baka. Hins vegar er hægt að ganga leiðina ofan frá, eins og Jóhanna hefur oft á tíðum gert með skólahópa. „Þá er farið á bíl upp á Hellisheiði. Þá gengur maður frá Ölkelduhálsinum, niður Klambragil og í átt að Hveragerði,“ upplýsir Jóhanna og segir þá leið á margan hátt auðveldari.

Eldhestar fara oft í ferðir upp í Reykjadal og skemmta ferðalangar sér iðulega vel, eins og sést á þessari mynd. MYND/ELDHESTAR

Um einn og hálfan til tvo tíma tekur að ganga að heitu lauginni frá Árhólmanum. „Laugin er rétt fyrir neðan Klambragil, en þar hefur maður Ölkelduhnúkinn og Dalaskörðin fyrir ofan sig og rétt sér í Dalaselið,“ lýsir Jóhanna.

Margar fleiri leiðir eru í boði út frá Hveragerði, að sögn Jóhönnu. Næsti dalur við Reykjadal er Grænsdalur, sem þykir einstakur, en þar má finna allar tegundir af hverum. „Það svæði er hins vegar svolítið hættulegt,“ segir hún.

Hún bendir einnig á Heilsuhringinn, sem er tæplega þriggja kílómetra löng leið sem byrjar við Sundlaugina í Laugarskarði, liggur meðfram Reykjafjalli niður með og yfir ána og aftur upp í sundlaug. „Á þessari leið eru svokölluð heilsutæki,“ segir hún. Að lokum nefnir Jóhanna Hveraleiðina, sem skemmtilegt er að ganga, en hún liggur frá hverasvæðinu í hjarta bæjarins og tengist hverum í kringum bæinn.

*solveig@frettabladid.is*

# Aparnir koma í haust

**Mörgum þótti mikið um á síðasta ári þegar fréttist að aftur væri von á öpum í Eden í Hvergerði. Innflutningur dýranna tafðist en nú er allt útlit fyrir að þeir verði komir í hús með haustdögum.**

Apar gera sig heimakomna í Eden í haust, ári á eftir áætlun. Tafirnar má rekja til þess að tilskilin leyfi skorti, segja forráðamenn staðarins.

„Við þurftum að fá innflutningsleyfi fyrir öpunum frá yfirdýralækni. Reglurnar eru flóknar og útheimta meðal annars að aparnir fari í sérstaka einangrunarstöð, þar sem Hrísey tekur ekki við dýrum nema þau falli undir skilgreininguna gæludýr. Okkur vannst einfaldlega ekki tími til að ljúka allri þessari vinnu í fyrra, þar sem það fór svo mikill tími í að koma staðnum í stand. Nú hillir undir lokin á þessu öllu," útskýrir Gunnar Magnússon, eigandi Edens og þakkar bæjarráði Hveragerðis fyrir veittan stuðning.

Apar munu bætast við minjagripaverslun, veitingastað og plönturnar í Eden.

Gunnar tók við staðnum á síðasta ári, ásamt konu sinni Auði Gunnarsdóttur. Þau hafa síðan þá unnið baki brotnu við að færa hann aftur í upprunalegt horf. „Við vildum endurvekja Eden í sinni upprunalegu mynd eins og Bragi Einarsson hugsaði sér staðinn og mörg okkar minnast með hlýhug. Upphaflegu innréttingarnar eru komnar á sinn stað og gamla góða Edens-heitið. Aparnir eru hluti af þessu starfi þar sem margir setja jöfnumerki milli þeirra og blómaskeiðs Edens, auk þess sem við teljum víst að þeir eigi eftir að trekkja töluvert að."

Að sögn Gunnars koma aparnir til með að verða þrír talsins, prímatar frá dýragarðinum í Hamborg. „Þetta verða geðgóð lítil grey sem lifa á ávöxtum, svona í ætt við apann herra Níels sem margir kannast við úr bókunum um Línu Langsokk," lýsir hann en segir enn ekki liggja fyrir af hvoru kyninu þeir verða. „Starfsmaður frá okkur fær svo ráðleggingar úti um meðhöndlun þeirra, enda gerum við allt sem í valdi okkar stendur til að gera búsetu þeirra sem bærilegasta."

Aparnir eru þó ekki einu dýrin sem munu gleðja gesti Eden. „Hér eru þegar komnir í hús nokkrir litríkir og fallegir skrautfuglar, við fundum ekki talandi kráku eins og vakti hér mikla athygli á sínum tíma," segir Gunnar og hlær. „Draumurinn er síðan að fjölga fuglunum og fá almennilega tjörn til að fylla af skrautfiskum," segir hann léttur í lund. „Þá myndi staðurinn sko standa undir nafni."

*roald@frettabladid.is*

„Ættum við ekki að heimsækja nokkrar vínekrur og smakka góð vín?" spyr Tobba, sem skipuleggur Ítalíuferð í huganum ásamt Ármanni Reynissyni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Framhald af forsíðu

verða í vandræðum með að versla saman. „Mér líst mjög vel á það, Ármann er mikill smekkmaður."

Ármann stingur upp á að frá Mílanó haldi þau til Verona, þaðan til Feneyja og svo til Flórens. „Ættum við ekki að heimsækja nokkrar vínekrur og smakka góð vín?" spyr Tobba og Ármann segir þau hæglega geta gert það í Flórens, Toscana-héraðið sé þar í grennd. „Frá Flórens færum við svo til Rómar í selskapslífið og eftir það gætum við tekið því rólega á Amalfíströndinni," segir Ármann. „Mér finnst alltaf nauðsynlegt að fara á strönd þó sjálfur sé ég enginn sólstrandarmaður." „Ég er aftur á móti mikið fyrir sólarströnd," segir Tobba, „Ármann gæti þá bara blandað eitthvað gott á barnum handa mér, meðan ég lægi í sólbaði."

„Svo er bráðsniðugt að skreppa í nudd hjá indverskum nuddurum frá Kerala," segir Ármann en Tobba segist ekki geta slappað af. „Ég færi þá bara að versla meðan Ármann væri í nuddinu."

Bæði sjá þau fyrir sér að gista á góðum hótelum. Helst fimm stjörnu ef Ármann fengi að ráða en Tobba hefur aðrar hugmyndir. „Ég sting upp á fjögurra stjörnu hótelum, svo við höfum meiri pening í búðirnar. Við þurfum minnst mánuð í þessa ferð," segir hún hlæjandi. „Ég held að þessi ferð sameini allan þann fjölbreytileika sem ungt fólk eins og við þarf," segir Ármann. Þegar blaðamaður skilur við þau skötuhjúin eru þau farin að rabba um ritstörfin sín á milli og komin hálfa leið til Ítalíu í huganum. *- rat, jma*

# Sýningarsvæði og uppákomur

ARGHI 0611



**A Lystigarðurinn á Fossflöt**
Á útisvæði eru sýnendur með stærri garðvörur og skraut. Garðplöntusýning, blómaskreytingar, miðsumarsblóma-stöng og blómasviðið.

**B Markaðurinn**
Hér verður markaðsstemmningin ráðandi.

**C Blómagerði**
Sýningarsvæði innandyra í íþróttahúsi bæjarins.

**D Gúrkugerði**
Grænmetisframleiðendur kynna framleiðslu sína.

**E Garðyrkjufélag Íslands**
- með græna fingur út um allt.

**F Blómaskreytingar**
Félagsmenn í Félagi blómaskreyta sýna listir sínar.

**G Garðplöntuframleiðendur**
Félagsmenn í FG sýna stoltir framleiðslu sína.

**H Félag íslenskra landslagsarkitekta**
Kynning á nýjum smágarði.

**I Skógræktarfélag Íslands**
**„Skógur"** þemað í ár - Skógræktarfélagi Íslands boðið sem sérstökum gestum BÍB.

**J Garðshorn**
Sýning á smágörðum úr smágarðasamkeppni frá 2009.

**K Tjaldsvæði**
Góð aðstaða til gistingar og afþreyingar.

**S Garðasúpan um allan bæ**
Hvergerðingar bjóða gestum og gangandi upp á súpu.

**Yfirvöld í Flórens og Feneyjum** munu fylgja fordæmi Rómarbúa og leggja sérstakan skatt á hótelgesti. Frá ársbyrjun hafa hóteleigendur í Róm þurft að rukka hvern einasta gest aukalega um þrjár evrur fyrir hverja nótt. Gjaldið á að nota til að bæta sorphirðu og gera borgirnar þægilegri fyrir ferðamenn.

Valgerður Pálsdóttir, námsráðgjafi og leiðsögumaður, stofnaði ferðaskrifstofuna Art Travel, sem skipuleggur frí og námskeið fyrir skapandi fólk.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fyrr í mánuðinum tók Valgerður á móti fyrsta erlenda ferðamannahópnum, sem kom í tíu daga menningar- og upplifunarveislu til Sólheima. Þar kenndi hinn virti sænski myndlistarmaður Lars A. Persson hæfileikaríkum og skemmtilegum Norðmönnum og Svíum vatnslitun. Meðal þeirra var Toril Kojan, ritstjóri Kunst, stærsta listatímarits á Norðurlöndum. Hér eru þau Lars og Toril í Íslandsreisunni.

# Listagyðja á faraldsfæti

**Listelskum er guðs gjöf að stunda listsköpun í friðsælli náttúru þar sem innblástur leynist allt um kring og fátt kallar annað en fegurð lífsins og að lifa því. Það er inntak listaferðaskrifstofunnar Art Travel.**

„Listaferðir eru óplægður akur í íslenskri ferðaþjónustu. Í áraraðir hafa ferðalangar getað valið um golfferðir, skíðaferðir og alls konar sérferðir sem tengjast áhugamálum þeirra en hingað til ekki gefist kostur á að virkja sköpunargáfuna markvisst á ferðalögum," segir Valgerður Pálsdóttir, eigandi ferðaskrifstofunnar Art Travel, sem hún setti nýlega á fót fyrir skapandi fólk.

„Skapandi fólki er dýrmætt að fá tækifæri til að sinna áhugamáli sínu um leið og það er í fríi, en það má gera með því að sækja sértæk námskeið eða fá vinnuaðstöðu í hópi fólks með sama áhugamál," segir Valgerður, sem fer hægt en öruggt af stað með Art Travel og kvaddi um miðjan mánuðinn fyrsta hóp erlendra ferðamanna sinna til landsins.

„Það gefur fólki gríðarmikið að fara úr sínu daglega amstri, láta nostra við sig í mat og drykk, hvílast í sveitakyrrð og geta einbeitt sér og fengið innblástur í nýju og fögru umhverfi. Stemning sem verður þegar hópur fólks vinnur saman að listsköpun er einstök og gaman að upplifa þegar margir sem teiknuðu og máluðu sem börn finna sig aftur með pensil í hönd," segir Valgerður kát eftir ánægjulega upplifun listelskra Íslendinga á helgarnámskeiðum hennar á Sólheimum í Grímsnesi í vor.

„Þegar sumri hallar verða í boði ótal spennandi helgarnámskeið í olíumálun, vatnslitun, textíl, refilsaumi, ljósmyndun og mósaík víða um land, þar sem fremstu listamenn á hverju sviði sjá um kennsluna," segir Valgerður.

Nánari upplýsingar um komandi námskeið innanlands og utan, eins og listaferðir til Collbato utan við Barcelona og eyjunnar Sardiníu, verða á www.arttravel.is í júlí.

thordis@frettabladid.is

# ÞJÓÐGARÐAR

MIÐVIKUDAGUR 22. JÚNÍ | KYNNINGARBLAÐ

Innan Vatnajökulsþjóðgarðs er að finna rjómann af íslenskri náttúru. Horft yfir Skaftafellsjökul af Kristínartindum.

# Margbrotinn þjóðgarður

**Vatnajökulsþjóðgarður er stærsti þjóðgarður Evrópu og nær yfir þrettán prósent af yfirborði Íslands. Innan þjóðgarðsins er að finna rjómann af íslenskri náttúru, sem starfsfólk þjóðgarðsins kappkostar að gera fólki aðgengilega.**

Vatnajökulsþjóðgarði er skipt niður í fjögur rekstrarsvæði en þjónusta við ferðamenn er að miklu leyti í höndum landvarða sem fara til að mynda í göngur með hópum. Þjónustan er þó mismunandi eftir svæðum enda er þjóðgarðurinn afar stór. Auk þjónustu landvarða er upplýsingum miðlað til ferðamanna í gestastofum og á upplýsingaskiltum. Regína Hreinsdóttir og Snorri Baldursson eru þjóðgarðsverðir í Vatnajökulsþjóðgarði, Regína á suðursvæðinu og Snorri á vesturssvæðinu.

„Suðursvæði nær frá Lómagnúpi að Lóni. Gestastofa er í Skaftafelli, sem jafnframt er vinsælasti ferðamannastaðurinn á þessum slóðum," segir Regína og getur þess að árlega komi 200.000 gestir, langflestir á sumrin. „Svæðið er þó líka fjölsótt á veturna því hér er opið allt árið og aðgengi gott, og auðvitað er alltaf jafnt fallegt að ganga í Skaftafellinu," segir hún. Í Skaftafelli eru skipulagðar tvær gönguferðir á dag, ein undir íslenskri leiðsögn og önnur á ensku, og barnastund er á hverjum degi. Í júlí verður farið í lengri gönguferðir á laugardögum.

Ný spennandi svæði er að finna innan suðursvæðisins, Heinabergssvæði á Mýrum og tvö minni svæði, Hjallanes og Hoffellsfjöllin. „Þessi svæði eru innan þjóðgarðsins og þar eru mjög skemmtilegar gönguleiðir. Þá má nefna að við erum með landvörslu í Lónsöræfum en Umhverfisstofnun sér um það svæði að öðru leyti," segir Regína.

Regína Hreinsdóttir, þjóðgarðsvörður á suðursvæði.

Snorri Baldursson, þjóðgarðsvörður á vesturssvæði.

Vestursvæði þjóðgarðsins nær frá Lómagnúpi í suðri, vestur fyrir jökul og norður fyrir Vonarskarð. „Á svæðinu eru margar þekktar eldstöðvar. Grímsvötn er þar sú virkasta á landinu öllu og Bárðarbunga ein sú stærsta. Þá má ekki gleyma Lakagígum. „Af öðrum þekktum stöðum má nefna Vonarskarð og Tungnáröræfi, Langasjó, Eldgjá og Skælinga en Skaftárhreppur og umhverfisráðuneytið náðu samkomulagi í vor um að bæta þremur síðastnefndu svæðunum við þjóðgarðinn eins og Langasjó og Eldgjá, sem er afar dýrmæt viðbót," segir Snorri.

Landvörslustöðvar eru þrjár á Vestursvæðinu. Í Nýjadal, en landverðir þar hafa eftirlit með Sprengisandsleið og Vonarskarði, í Hólaskjóli, þar sem eftirlit er með Langasjó, Eldgjá og Skælingum og í Blágiljum, en landverðir þar hafa eftirlit með Lakagígum.

„Nýmæli á þessu svæði er fjölgun landvarða þar sem tveir eru á hverri stöð. Frá 10. júní til 15. ágúst er skipulögð fræðsludagskrá á öllum þessum stöðum. Sú dagskrá byggist á fastri viðveru landvarðanna og skipulögðum gönguferðum," segir Snorri. Meðal þess sem verður þar í boði eru laugardagsgöngur í Vonarskarð frá Nýjadal, á Gjátind frá bílastæðinu í Eldgjá og á Kambana frá Lakagígum.

Að lokum nefnir Snorri að alla laugardaga í sumar verður opið hús í Jökulheimum þar sem landvörður er á staðnum og boðið er upp á heitt kakó.

Agnes segir margt skemmtilegt að sjá á austursvæðinu.

## Hentar vel fyrir fjölskylduna

Austursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs nær frá Kverkfjöllum í vestri að Lónsöræfum í austri. „Í Kverkfjöllum er margt áhugavert að sjá, til dæmis háhitasvæði í jöklinum og hægt að ganga á fleiri spennandi svæði, til að mynda að upptökum Jökulsár," segir Agnes Brá Birgisdóttir þjóðgarðsvörður á svæðinu.

Hún bendir á að landvarsla sé í Hvannalindum. „Þar eru hvorki meira né minna en Eyvindarrústirnar sem eru merkilegar þjóðminjar sem Kristján Eldjárn rannsakaði á sínum tíma. Þetta er sannkölluð eyðimerkurvin og plöntu- og dýralíf fjölskrúðugt," segir hún og bætir við að fræðslugöngur séu í boði um svæðið daglega klukkan 11, „nema á þriðjudögum".

Agnes minnir á að svo sé hæsta fjall landsins, utan jökla, að finna á svæðinu. „Snæfellið er gríðarlega skemmtilegt og upp á það liggja margar gönguleiðir, meðal annars ein auðveld sem hentar fyrir fjölskylduna." Getur þess að þar sé líka gestastofa, Snæfellsstofa, sem er opin daglega í sumar.

Frítt er í allar fræðslugöngur nema í jöklagönguna í Kverkfjöllum. „Stundum er svo boðið upp á morgunleikfimi ef landverðirnir eru í stuði," segir Agnes og brosir.

# Minnir á söguheim Tolkiens

Ýmsir áhugaverðir viðkomustaðir eru á hálendinu norðan Vatnajökuls. Hjörleifur Finnsson þjóðgarðsvörður á svæðinu veit allt um málið.

Hjörleifur Finnsson

„Askja í Dyngjufjöllum er vinsæll áfangastaður meðal ferðamanna og þá einkum þeirra erlendu. Þeim finnst þeir þarna vera komnir inn í skáldsögu eftir J.R.R. Tolkien og ekki að ósekju þar sem aðkoman að Öskjuvatni í djúpa gígnum í þessu eyðimerkurlandslagi er stórbrotin," lýsir hann. Getur þess að mörgum finnist gaman að dýfa tánni ofan í Víti við hliðina. „Reyndar er litli gígurinn í kaldari kantinum í dag til að baða sig í," bætir hann við og brosir.

Hjörleifur segir Herðubreiðarlindir sömuleiðis eftirsóttan áfangastað, en svæðið er í umsjón þjóðgarðarins þótt það liggi utan hans. „Þar er margt að sjá, Herðubreið, Lindará og dvalarstað Fjalla-Eyvindar," telur hann upp og tekur fram að landsmenn laðist þó fremur að gróðursældinni en útlendingar.

Hjörleifur segir þó varla hægt að heimsækja norðursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs án þess að hafa viðkomu í Jökulsárgljúfrum. „Þar er kjörið að skoða Dettifoss, Hljóðakletta og Ásbyrgi þar sem er mikil náttúrufegurð og algjört Mallorcaveður á sumrin þó sjálfum finnist mér litadýrðin á haustin einna fallegust," segir hann og bætir við að á svæðinu sé Gljúfrastofa, ein af þremur gestastofum þjóðgarðarins. „Þar er upplýsingagjöf og áhugaverð sýning um jarðfræði, gróður og dýralíf svæðisins."

Loks bendir hann á að á sumrin fari landverðir í Öskju og Herðubreiðarlindum í fræðslugöngur sem gestum er frjálst að taka þátt í. Nánari upplýsingar á www.vjp.is.

Mörgum þykir gott að svamla um í Viti. MYND/VILHELM

Mývatn varð til þegar Laxárhraun eldra stíflaði farveg Laxár fyrir um 3.800 árum.

## Mývatn og Laxá

**Lífríki Mývatns er einstakt og er nafn vatnsins dregið af þeim aragrúa af mýi sem þar er. Þar er að finna fleiri andartegundir en á nokkrum öðrum stað á jörðinni. Í Mývatnssveit er náttúrufar fjölbreytt og landslag sérstætt, enda mótað af miklum eldsumbrotum. Mývatn er á flekamótum jarðskorpufleka Norður-Ameríku og Evrasíu. Þá rekur í sundur um tvo sentimetra á ári en á samskeytunum kemur upp hraunkvika sem fyllir í skarðið og er eldvirkni þarna mikil. Dimmuborgir og Hverfjall eru meðal þeirra náttúrugersema sem eru á svæðinu og verða friðlýst í dag, hinn 22. júní. Umhverfisstofnun er með gestastofu, sem var nýlega endurnýjuð, við Mývatn og er hægt að fræðast þar nánar um svæðið.**

Snæfellsjökull er virk eldkeila sem hefur hlaðist upp í mörgum hraun- og sprengigosum á síðustu 800 þúsund árum.

## Snæfellsjökull

**Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull er á utanverðu Snæfellsnesi á Vesturlandi. Hann er um 170 km² að stærð og eini þjóðgarður landsins sem nær að sjó. Snæfellsjökull er 1.446 metra hár og hefur oft verið kallaður konungur íslenskra fjalla. Hann var lengi talinn hæsta fjall landsins. Gestastofa þjóðgarðsins er á Hellnum. Hún er opin frá 20. maí til 10. september frá klukkan 10-17. Þar er upplýsingamiðstöð þjóðgarðsins og áhugaverð náttúru- og verminjasýning.**

Loftmyndir hafa verið teknar reglulega af Surtsey síðan í febrúar 1964. MYND/SNÆVARR GUÐMUNDSSON

## Surtsey

**Fljótlega eftir að Surtsey myndaðist sáu vísindamenn tækifæri til að fylgjast með þróun eyjarinnar og landnámi lífvera. Surtsey var friðuð árið 1965 meðan gos stóð enn yfir og var friðunin bundin við eldfjallið ofansjávar. Surtsey er mest rannsakaða eldfjallaeyja heims, þar sem hægt er að reka jarðsögu eyjarinnar frá upphafi – myndun, mótun og þróun lífríkis. Á fundi heimsminjanefndar UNESCO í Québec í Kanada 7. júlí 2008 var samþykkt að setja Surtsey á heimsminjalistann sem einstakan stað náttúruminja á grundvelli mikilvægis rannsókna og vöktunar á landnámi dýra og plantna ásamt þróun eyjunnar og framvindu lífríkis Surtseyjar. Gestastofa fyrir friðlandið Surtsey, Surtseyjarstofa, var opnuð 2. júlí 2010 í Vestmanneyjabæ. Þar er að finna upplýsingar um myndun og þróun eyjarinnar frá upphafi og hvernig hún mun þróast í nánustu framtíð.**

„Við hvetjum fólk til að fá upplýsingar hjá landvörðunum um friðlýstu svæðin. Þeir hafa mikla þekkingu á náttúrunni, staðháttum og því sem er sérstakt við svæðin og eru alltaf tilbúnir að veita þjónustu," segir Kristín Linda.

# Yfir hundrað svæði friðlýst um allt land

**Á náttúruminjaskrá er listi yfir öll friðlýst svæði á Íslandi og mörg önnur merkileg svæði sem enn hafa ekki verið friðlýst.**

Á Íslandi eru 102 friðlýst svæði og tvö á heimsminjaskrá, Þingvellir og Surtsey," segir forstjóri Umhverfisstofnunnar, lögfræðingurinn og umhverfisfræðingurinn Kristín Linda Árnadóttir. „Friðlýst svæði eru um allt land og oft kemur það fólki á óvart hvaða svæði eru friðlýst. Hér á Suðvesturlandi eru það til dæmis Rauðhólar og Reykjanesfólkvangur og á Suðurlandi eru það Gullfoss og Friðland að Fjallabaki. Á Vesturlandi eru Eldborg og Hraunfossar friðlýst svæði og á Vestfjörðum má nefna Breiðafjörð og Hornstrandir. Á Norðurlandi eystra má nefna Dettifoss og Mývatn og vestra eru það Hveravellir og Guðlaugstungur. Á Austurlandi eru Teigarhorn og Díma í Lóni."

Kristín Linda segir það koma mörgum á óvart að þekktir ferðamannastaðir séu friðlýst svæði. „Friðlýst svæði er ekki það sama og bannsvæði eins og margir halda," segir hún og brosir. „Við hvetjum fólk til að heimsækja þessar náttúruperlur en það verður að ganga vel um þær, enda náttúruperlur. Það verður að sýna aðgát á þessum svæðum, taka með sér ruslið, fara varlega með eld og ekki taka neitt með sér nema minningar."

Fjölbreytt landslag, sérstakt en viðkvæmt lífríki, öræfaauðn og kyrrð eru megineinkenni Friðlands að Fjallabaki, en þangað leita árlega þúsundir manna til að njóta þessara náttúrugæða.

Á mörgum friðlýstum svæðum eru landverðir. „Við hvetjum fólk til að fá upplýsingar hjá landvörðunum um friðlýstu svæðin. Þeir hafa mikla þekkingu á náttúrunni, staðháttum og því sem er sérstakt við svæðin og eru alltaf tilbúnir að veita þjónustu. Þá bjóðum við víða upp á fræðsludagskrá á friðlýstu svæðunum eins og í Vestmannaeyjum um Surtsey og í Snæfellsjökulsþjóðgarði á Hellnum. Sums staðar er fræðsluefnið einkum ætlað börnum en allt er þetta ætlað til að auka skilning og dýpka á náttúrunni og sögu hennar."

Kristín Linda gefur ekki upp hver hennar uppáhaldsnáttúruperla er en nefnir að fólk gæti sett sér það markmið að skoða þær allar eða þær sem eru í heimabyggðinni. „Mig langar þó að nefna eina sem er Mývatn, en þar er svo margt að skoða, bæði jarðsvæðið og fuglalífið. Þar er einnig ný og endurbætt sýning í kennslustofu og landverðir fara reglulega í fræðsluferðir með gesti. „Ég hvet fólk til þess að skoða heimasíðuna okkar, www.umhverfisstofnun.is. Þar eru góðar upplýsingar um friðlýstu svæðin, sem eru oft fleiri í heimabyggð en fólk grunar."

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 **Umsjónarmenn auglýsinga:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is s. 512 5462.

# Væntir mikils af hugmyndaleitinni

**Í sumar gefst landsmönnum einstakt tækifæri til að koma á framfæri hugmyndum um framtíðarþróun þjóðgarðsins á Þingvöllum.**

Þjóðgarðurinn hefur þolað mikla fjölgun ferðamanna furðu vel en Ólafur segir að enn vanti talsvert upp á að stígar og merkingar séu í nógu góðu lagi. MYND/EINAR SÆMUNDSEN

„Ég vænti mikils af hugmyndaleitinni. Þingvellir eiga ríkan sess í hugum landsmanna og við sem störfum fyrir þjóðgarðinn skynjum vel þær sterku tilfinningar sem þjóðin ber til þessa staðar. Þess vegna held ég að það muni ekki standa á landsmönnum að sendi inn sínar hugmyndir um hvernig þróa eigi þennan helga og sameiginlega reit okkar til framtíðar," segir Ólafur Örn Haraldsson, þjóðgarðsvörður á Þingvöllum.

Á blaðamannafundi Þingvallanefndar sem haldinn var í gær var kynnt hugmyndaleit sem nefndin efnir nú til á meðal landsmanna um framtíðarþróun þjóðgarðsins á Þingvöllum. Meginspurningin sem varpað er fram í hugmyndaleitinni er: Hvernig má bjóða gestum að upplifa og njóta sérstöðu Þingvalla með virðingu fyrir náttúru og sögu og í góðri sátt við komandi kynslóðir? Sérstök dómnefnd hefur verið skipuð til að leggja mat á þær hugmyndir sem berast fyrir 22. ágúst næstkomandi og mun hún veita allt að fimm hugmyndum viðurkenningu.

### BRUNI VALHALLAR MARKAÐI ÞÁTTASKIL

Ólafur segir að bruni Valhallar í júlí 2009 hafi markað ákveðin þáttaskil og nú vilji menn gefa öllum landsmönnum tækifæri til að hafa áhrif á hvernig brugðist verði við. „Valhöll var mikilvægur hluti af innviðum þjóðgarðsins, þar sem hægt var að taka á móti gestum og fólk gat fengið bæði gistingu og veitingar. Með brunanum hvarf þessi aðstaða og nú þurfum við að ákveða í sameiningu hvernig við viljum þróa þennan stað til framtíðar. Viljum við að þarna rísi aftur hótel eða veitingastaður þar sem fólk getur haldið upp á stóra viðburði í lífi sínu eins og brúðkaup eða stórafmæli, og ef svo er, hvar á það að vera? Á Alþingi að eiga þarna samastað þar sem hægt er að halda fundi og opinberar móttökur? Þetta eru aðeins tvær þeirra fjölmörgu spurninga sem vöknuðu þegar Valhöll brann og sem við þurfum óhjákvæmilega að taka afstöðu til. Með hugmyndaleitinni viljum við hins vegar ekki að einblína á þetta heldur köllum eftir hugmyndum á mun víðara sviði um hvers konar starfsemi landsmenn telja að eigi að vera í þjóðgarðinum og hvernig eigi að þróa hann áfram án þess að ganga á rétt komandi kynslóða."

Ólafur tók við starfi þjóðgarðsvarðar í byrjun árs 2010 eftir frá fall þáverandi þjóðgarðsvarðar, Sigurðar Oddssonar. Í dag eru liðlega þrjú og hálft fast stöðugildi í þjóðgarðinum á Þingvöllum, en auk þjóðgarðsvarðar, sem hefur aðstöðu bæði á Þingvöllum og í Reykjavík, hafa fræðslufulltrúi og yfirlandvörður aðsetur á Þingvöllum allt árið og ritari í liðlega hálfu starfi á skrifstofunni í Reykjavík. Á sumrin fjölgar landvörðum og þegar flestir eru við störf í þjóðgarðinum eru þar tíu til þrettán starfsmenn.

### STANDA VÖRÐ UM SÖGU OG NÁTTÚRU

Ólafur segir starfið í þjóðgarðinum mjög erilsamt en skemmtilegt. Auk allra Íslendinganna sem leggi leið sína í þjóðgarðinn á ári hverju komi þangað líka á bilinu áttatíu til níutíu prósent allra erlendra gesta sem sæki landið heim. „Hingað koma mjög margir hópar, bæði stórir og smáir, sem óska eftir leiðsögn um svæðið, þannig að hér er í gríðarlega mörg horn að líta. Auk landvörslu og þjónustu við ferðamenn sjá starfsmenn þjóðgarðsins um viðhald göngustíga, eftirlit með tjaldstæðum, sölu veiðileyfa og vöktun vatnsins, rekstur fræðslumiðstöðvar og samskipti við eigendur þeirra áttatíu sumarhúsa sem eru innan þjóðgarðsins." Enn eitt verkefnið bættist við nýlega þegar myndarleg gjá opnaðist í miðri gönguleiðinni niður Almannagjá. Þessu þurfti að bregðast við og setja í réttan farveg þannig að öryggi gesta væri tryggt án þess að raska menningarminjum sem þarna kynnu að leynast.

Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður segir að nú þurfi Íslendingar að ákveða í sameiningu hvernig eigi að þróa þjóðgarðinn til framtíðar. MYND/GVA

Ólafur segir að eitt veigamesta hlutverk þeirra sem starfi í þjóðgarðinum á Þingvöllum sé að varðveita sögu- og menningarminjar sem tengist staðnum og að standa vörð um stórmerkilega náttúru svæðisins. „Það hlýtur að vera eitt af meginhlutverkum okkar að bera þennan sameiginlega og dýrmæta arf þjóðarinnar á borð fyrir fólk á forsendum þjóðgarðsins þannig að þeir sem hingað komi fái sem gleggsta mynd af því sem hér er að finna."

### BÆTT ÞJÓNUSTA OG AUKNAR TEKJUR

Ólafur segist hafa frá byrjun starfs síns lagt mikla áherslu á að bæta þjónustuna við ferðafólk og að auka tekjur um leið. Hann nefnir sem dæmi Fræðslumiðstöðina á Hakinu á barmi Almannagjár, en þar hefur verið sett upp lítil verslun sem selur minjagripi, landkynningarbækur og vinsælar ferðamannabækur. Þar hafa verið sett upp átján vönduð salerni sem fólk greiðir fyrir afnot af, auk þess sem þar er hægt að fá kaffisopa og vatn. „Allt er þetta liður í að bæta þjónustuna við þá sem koma á staðinn um leið og aflað er tekna til að standa undir henni. Það kæmi mér ekki á óvart að í framtíðinni þyrftu menn á Íslandi eins og víðast annars staðar að borga fyrir að koma á fjölsótta ferðamannastaði þar sem krafist er ákveðinnar þjónustu."

Strákarnir héldu vel heppnaða styrktartónleika vegna fararinnar á heimaslóðum sínum í Ólafsvík 17. júní og aðrir slíkir verða á Sódómu Reykjavík í kvöld kl. 21. Þar er aðgangseyrir 1.000 krónur. Þrátt fyrir að hafa fengið 700 þúsund króna styrk frá styrktarsjóðnum Kraumi á dögunum veitir Endless Dark ekki af meiri peningum enda er afar dýrt að koma sér á framfæri erlendis.

Sveitin er byrjuð að taka upp sína fyrstu stóru plötu og er hún væntanleg í lok þessa árs eða byrjun þess næsta. **- fb**

# Sumarsýningin FLUG

Sumarsýning TRYGGVASAFNS hefur verið opnuð í Safnahúsinu Neskaupstað.

***Sýningin verður opin frá kl. 13.00 til 17.00 alla daga í sumar.***

Meginuppistaðan í sýningunni í ár eru myndir sem tengjast flugi af ýmsum toga, fuglar, flugvélar, flugur o.fl.
Því ber sýningin heitið FLUG.

Einnig eru á sýningunni einstakar og litríkar myndir Tryggva Ólafssonar sem tengjast börnum og leikföngum þeirra.

***Til sölu í Safnahúsinu eru:***

- Grafíkmyndir
- Listaverkabók um Tryggva
- Myndskreytt póstkort

SAMBÍÓIN

Frábær mynd sem kemur skemmtilega á óvart.
Nútíma útgáfa af Beauty and the Beast






**ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| BEASTLY | kl. 6 - 8 - 10:10 | 10 |
| SUPER 8 | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| SUPER 8 Luxus VIP | kl. 8 - 10:20 | VIP |
| THE HANGOVER 2 | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| KUNG FU PANDA 2 M/ísl. Tali | Sýnd í 3D kl. 6 | L |
| KUNG FU PANDA 2 M/ísl. Tali | Sýnd í 2D kl. 6 | L |
| KUNG FU PANDA 2 ensku. Tali | Sýnd í 2D kl. 10:20 M/texta | L |
| PIRATES 4 | Sýnd í 2D kl. (5:20 VIP) - 8 - 10:40 | 10 |
| SOMETHING BORROWED | kl. 8 | L |

**AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| SUPER 8 | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| HANGOVER 2 | kl. 8 - 10:20 | 12 |

**EGILSHÖLL**

| | | |
|---|---|---|
| SUPER 8 | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| MR. POPPER'S PENGUINS | kl. 5.30 - 8 - 10.20 | L |
| HANGOVER PART II | kl. 8 -10.25 | 12 |
| X-MEN: FIRST CLASS | kl. 8 -10.45 | 14 |
| KUNG FU PANDA 2 ísl tal 3D | kl. 5.30 | L |
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 3D | kl. 5 | 10 |

**KRINGLUNNI**

| | | |
|---|---|---|
| BEASTLY | kl. 6 - 8 - 10 | 10 |
| SUPER 8 | kl. 5:50 - 8 - 10 | 12 |
| KUNG FU PANDA 2 M/ísl. Tali | Sýnd í 3D kl. 6 | L |
| KUNG FU PANDA 2 M/ensku. Tali | Sýnd í 3D kl. 8 Ótextuð | L |
| THE HANGOVER 2 | kl.10:20 | 12 |

**SELFOSS**

| | | |
|---|---|---|
| BRIDESMAIDS | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| SUPER 8 | kl. 8 - 10:20 | 12 |

tryggðu þér miða á SAMbio.is



SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ
FULLKOMIN GÆÐI!




**SMÁRABÍÓ** GLERAUGU SELD SÉR — NÁNAR Á MIDI.IS

| | | |
|---|---|---|
| BAD TEACHER | KL. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| BAD TEACHER Í LÚXUS | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| MR. POPPER´S PENGUINS | KL. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| MR. POPPER´S PENGUINS Í LÚXUS | KL. 3.40 | L |
| SUPER 8 | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| BRIDESMAIDS | KL. 8 - 10.40 | 12 |
| KUNG FU PANDA 2 ÍSLENSKT TAL 3D | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| KUNG FU PANDA 2 ÍSLENSKT TAL 2D | KL. 3.40 | L |

**HÁSKÓLABÍÓ** NÁNAR Á MIDI.IS — 5%

| | | |
|---|---|---|
| BAD TEACHER | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| MR. POPPER´S PENGUINS | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| X-MEN: FIRST CLASS | KL. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| WATER FOR ELEPHANTS | KL. 5.30 | L |
| PAUL | KL. 8 | 12 |
| FAST FIVE | KL. 10.10 | 12 |

**BORGARBÍÓ** NÁNAR Á MIDI.IS

| | | |
|---|---|---|
| BAD TEACHER | KL. 6 - 8 - 10 | 14 |
| MR. POPPER´S PENGUINS | KL. 6 - 8 | L |
| BRIDESMAIDS | KL. 10 | 12 |

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG MIÐASALA Á midi.is



midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075




**LAUGARÁSBÍÓ** Sýningartímar

| | |
|---|---|
| BAD TEACHER | 6, 8 og 10 |
| MR. POPPERS PENGUINS | 4, 6 og 8 |
| BRIDES MAIDS | 4, 6.30, 9 og 10 |
| KUNG FU PANDA 2 3D | 4 - ISL TAL |

**BLÓÐI RODIN VERÐLAUN** Yrsa átti ekki von á að lesendur yrðu jafn móttækilegir fyrir draugasögu og hefðbundnari reyfurum en Ég man þig sló rækilega í gegn og er mest selda bók hennar hingað til. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

# Blóðdropinn rann til Yrsu

**Yrsa Sigurðardóttir hlaut Blóðdropann í gær fyrir bókina *Ég man þig*. Hún segir verðlaunin hafa komið sér ánægjulega á óvart og hefur einsett sér að skrifa fleiri draugasögur.**

Blóðdropinn, glæpasagnaverðlaun Hins íslenska glæpafélags, voru afhent í Borgarbókasafninu í gær. Þau hlaut að þessu sinni Yrsa Sigurðardóttir fyrir hrollvekjuna *Ég man þig*, sem Veröld gaf út fyrir jól. Dómnefnd skipuðu Auður Aðalsteinsdóttir, Ingvi Þór Kormáksson og Rósa Björk Gunnarsdóttir.

Yrsa segir að úrslitin hafi komið sér ánægjulega á óvart.

„Ég átti alls ekki von á þessu," segir Yrsa, „enda komu margar sterkar glæpasögur út fyrir jól." *Ég man þig* hlaut einnig Tindabikkjuna, verðlaun Glæpafélags Vestfjarða, á dögunum. Hún segir verðlaun sem þessi hafa talsverða þýðingu fyrir sig.

„Meiri en ég átti von á; maður hugsar í rauninni ekki mikið út í það þegar svona verðlaun falla manni ekki í skaut, en þegar það gerist þá verður maður mjög upp með sér." Glæpasagnaunnendur eru enda kröfuharðir og láta ekki bjóða sér hvað sem er. „Sem reyfarafíkill þekki ég það af eigin raun; ég er fljót að leggja frá mér bækur ef þær standast ekki væntingar mínar."

Ég man þig er sjötta glæpasaga Yrsu. Sögusviðið er Hesteyri á Jökulfjörðum. Þar er ungt fólk að gera upp hús og fer að gruna að þau séu ekki einu gestirnir eyðiþorpinu. Á sama tíma dregst ungur læknir á Ísafirði inn í rannsókn á sjálfsmorði eldri konu. Hún virðist hafa verið hugfangin af syni hans sem hvarf fyrir þremur árum og fannst aldrei. Hér kveður við annan tón en í fyrri verkum Yrsu og lögfræðingurinn Þóra Guðmundsdóttir er fjarri góðu gamni. Í ofanálag er Ég man þig draugasaga, form sem margir reyfarahöfundar og lesendur hafa fyrirvara á, enda átti Yrsa ekki von á að bókin hlyti jafn góðar viðtökur og fyrri bækur hennar.

„Mig langaði hins vegar mikið til að skrifa svona bók og gerði það hálfpartinn fyrir sjálfa mig. Það kom mér þess vegna mjög á óvart hvað hún gekk vel, rokseldist og hefur nú unnið til tvennra verðlauna. Það er bara holl áminning um að maður á að taka mark á sinni innri rödd en ekki láta ímyndaðar væntingar annarra ráða för við skriftirnar."

Yrsa vinnur nú að nýrri bók um Þóru lögfræðing, sem er væntanleg fyrir jól. Hún er hins vegar langt því frá fullsödd af draugasöguforminu.

„Ég man þig lukkaðist það vel að það kynti bara enn frekar undir áhuganum. Ég vildi ekki koma með aðra draugasögu strax í kjölfarið á þessari en það er öruggt að þær eiga eftir að verða fleiri."

**bergsteinn@frettabladid.is**

## ÚR UMSÖGN DÓMNEFNDAR

Eitt megineinkenni íslenskra glæpasagna er að þær bregða upp spegli á samtímann. Í Ég man þig er kreppan í bakgrunni og athyglisvert í því samhengi að meginþemu bókarinnar eru svik, reiði og hefnd; vítahringur ótta og ofbeldis.

[...] Allir þessir þræðir eru fléttaðir saman í sannfærandi fléttu, og helsti kostur bókarinnar er að hún nær að gera það sem allar góðar glæpa- og spennusögur gera: Að halda lesandanum í heljargreipum allt fram á síðustu blaðsíðu

# Hugleikur fékk harða diskinn

Rithöfundurinn Hugleikur Dagsson hefur endurheimt efnið úr tölvunni sinni sem var stolið fyrir skömmu.

Eins og Fréttablaðið greindi frá var í tölvunni handrit að hryllingsmynd og handrit að framhaldsbókunum Popular Hits 2 og Garðarshólmi 2 sem eiga báðar að koma út fyrir jólin. Hugleikur fékk harðan disk með afrituðu efninu afhentan í Ríkisútvarpinu í Efstaleiti í gær. Bubbi Morthens hafði hvatt þjófinn til að skila efninu í Efstaleitið í þættinum Virkir morgnar á Rás 2. Umslag merkt Gunnu Dís, eins af stjórnendum þáttarins, beið hennar þegar hún mætti í vinnuna í gærmorgun og í kjölfarið afhenti hún það Hugleiki, sem var að vonum mjög ánægður.

**MEÐ HARÐA DISKINN** Hugleikur Dagsson sáttur eftir að Gunna Dís afhenti honum harða diskinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


BÍÓ PARADÍS BAR & CAFÉ

| | |
|---|---|
| MARY AND MAX | 18:00, 20:00, 22:00 |
| THE MYTH OF THE AMERICAN SLEEPOVER | 18:00, 20:00, 22:00 |
| HUR MÅNGA LINGON FINNS DET I VÄRLDEN? | 18:00, 20:00 |
| ROUTE IRISH | 22:00 |
| HÁSETA VANAR Á BÁT (MEÐ ENSKUM TEXTA) | 18:00 |
| BÖRN (MEÐ ENSKUM TEXTA) | 20:00 |
| FORELDRAR (MEÐ ENSKUM TEXTA) | 22:00 |

BARA GÓÐAR MYNDIR www.bioparadis.is
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS

# Ítölsk hönnun í H&M

Sænski tískurisinn Hennes & Mauritz hefur hafið samstarf við ítalska tískuhúsið Versace. Fatalínan, sem kemur í verslanir út um allan heim í nóvember, er hönnuð af listrænum stjórnanda tískuhússins, Donatellu Versace.

„Ég er mjög ánægð með vinna með H&M og fá tækifæri til að hanna fyrir breiðan hóp viðskiptavina. Fatalínan er dæmigerð fyrir Versace og ég tel að fatnaðurinn eigi ekki eftir að bregðast væntingum aðdáenda H&M og Versace úti um allan heim," segir Donatella.

Leður, litríkar flíkur og skemmtileg munstur einkenna dömufatnaðinn, en aðdáendur fengu smá forskot á sæluna þegar Donatella kom fram í leðurkjól úr H&M-línunni eftir tískusýningu Versace á herrafatatískuvikunni í Mílanó á dögunum. Herrafatalínan sem kemur í H&M verður einföld, en þar verður að finna jakkaföt og hinn fullkomna smóking.

H&M hefur undanfarin ár hannað eina fatalínu á ári í samstarfi við frægan hönnuð og hafa þær yfirleitt notið mikilla vinsælda. Sonia Rykiel, Lanvin, Karl Lagerfeld, Stella McCartney og Jimmy Choo eru meðal þeirra sem hafa unnið með H&M við góðan orðstír.

Það verður forvitnilegt að sjá hvernig viðskiptavinir H&M taka á móti ítalska glamúrnum frá Versace í haust. - áp

**HANNAR FYRIR H&M** Donatella Versace frumsýnir hér fyrstu flíkina úr væntanlegri fatalínu sinni fyrir H&M, stuttan leðurkjól með gullskrauti.

**DÖMULÍNA** Donatella Versace lofar miklum glamúr fyrir dömurnar en leðurefni með göddum og silki og önnur flæðandi efni verða ríkjandi. Þessi mynd er frá haustlínu tískuhússins.

**HERRAFATALÍNA** Herrafatnaðurinn fyrir H&M einkennist af einföldum sniðum en í línunni verður að finna hinn fullkomna smóking að sögn Donatellu Versace.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Miðvikudagur 22. júní 2011**

### Útivist

**19.00** Í tilefni **Náttúruviku á Reykjanesi** verður ganga um **eldfjallahring** undir leiðsögn **Rannveigar Garðarsdóttur**. Gangan tekur um 3 til 4 klst og mæting er við **Grófina 2-4**, Reykjanesbæ. Rútugjald er kr. 1.000.

### Tónleikar

**17.00** Sönghópurinn **Voces Masculorum** heldur tónleika í **Hörpu**. Félagarnir syngja þjóðlög, ættjarðarsöngva og sálmalög undirleikslaust. Þá er farið með rímur og leikið á langspil. Aðgangseyrir er kr. 3.000 og miðasala er á midi.is.

**20.00** **Þuríður Sigurðardóttir** og hljómsveitin **Vanir menn** verða með tónleika í **Salnum**, Kópavogi. Flytja þau dægurlög sem hljómað hafa í óskalagaþáttum útvarps og á dansleikjum í gegnum tíðina. Aðgangseyrir er kr. 3.500 og miðasala er á midi.is.

**21.00** Hljómsveitin **Endless Dark** heldur rokkveislu á **Sódóma** til styrktar hljómleikaferðalagi sínu um Evrópu. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**22.00** **Funk-bandið Musteri Almættugs** heldur tónleika á **Bakkus**. Hljómsveitin mun spila 70's funk og allt upp í R&B soul groove. Aðgangur ókeypis.

### Samkoma

**22.00** Félagið **Ísland-Palestína** stendur fyrir **spjallkvöldi í Friðarhúsinu**, Njálsgötu 87. **Rawda** og **Mohamad Odeh** frá Jerúsalem munu ræða um málefni sem eru ofarlega á baugi í Palestínu. Aðgangur ókeypis.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**

# Paris Hilton hætt með kærastanum

Paris Hilton er einhleyp á ný. Paris og kærastinn fyrrverandi, Cy Waits, ákváðu í sameiningu að enda eins árs samband þeirra eftir að hafa átt í erfiðleikum í sambandinu undanfarið. „Þau eru hætt saman. Það er mjög leiðinlegt því henni þykir mjög vænt um hann og finnst hann frábær náungi en þau lentu í erfiðleikum," sagði heimildarmaður við slúðurtímaritið US Weekly. Undanfarið hafa staðið yfir tökur á nýjasta raunveruleikaþætti Hilton, en kærastinn fyrrverandi var allt annað en ánægður með þáttinn. „Cy var ekki ánægður. Honum fannst að það væri rýnt of mikið inn í einkalíf þeirra Parisar. Hann átti alls ekki von á því að myndavélarnar yrðu svona mikið fyrir þeim," sagði annar heimildarmaður. Önnur ástæða sambandsslitanna er sú að Cy þótti frægðarljómi kærustunnar skyggja á sinn eigin ljóma, en hann er þekktur kaupsýslumaður og næturklúbbaeigandi í Las Vegas.

**AFTUR Á LAUSU** Paris Hilton og kærastinn Cy Waits hafa ákveðið að slíta sambandinu.


## Stefnumót á heilbrigðissviði

**Samstarf fyrirtækja og stofnana um betri lausnir**

**Háskólinn í Reykjavík föstudaginn 24. júní kl. 8.45-15.00**

8.45 **Ávarp**
Orri Hauksson, framkvæmdastjóri SI

9.00 **Tilgangur og fyrirkomulag - reynsla úr öðrum greinum**
Davíð Lúðvíksson, forstöðumaður stefnumótunar og nýsköpunar hjá SI

9.20 **Þarfirnar í heilbrigðiskerfinu - ferli og samstarf**
Björn Zoëga, forstjóri LSH

9.35 **Samhæfing lækningaferla, tæknibúnaðar og gagnavinnslu**
Björn Jónsson, upplýsingatæknisvið LSH

9.50 **Hagkvæmar lausnir í samstarfi fyrirtækja og stofnana**
Perla Björk Egilsdóttir, SagaMedica og formaður SHI

10.05 **Dæmi um lausnir þróaðar í samstarfi fyrirtækja, lækna og stofnana**
Þórður Helgason, LSH og dósent í HR

10.20 **Fjármögnun og matsaðferðir - íslensk, norræn og evrópsk samvinna**
Sigurður Björnsson og Björn V. Ágústsson, Rannís

10.35 **Kaffi**

10.50 **Kynningar á þörfum og lausnum á þverfaglegum sviðum** (tæknibúnaður, aðstaða, rannsóknir og lyf)

12.15 **Matur og mannblendi**

12.50 **Kynningar á þörfum og lausnum á sérsviðum lækninga og stefnumót á þverfaglegum sviðum**

13.50 **Samantekt**

14.10 **Stefnumót á sérsviðum lækninga**

**Skráning á www.si.is**

ÁR NÝSKÖPUNAR

RANNÍS LANDSPÍTALI Hátækni- og sprotavettvangur SI

*Samtök iðnaðarins - www.si.is*



# Barnadagar í Bata 20% afsláttur 22-26 júní

Bata
Skóverslun Smáralind
fyrstu hæð
Sími 511 2020
Erum á facebook

**ERNIR HRAFN ARNARSON** leikur ekki með Val næsta vetur í handboltanum því hann er búinn að semja við þýska 2. deildarliðið Düsseldorf og leikur með því næsta vetur.

# Gleymdu að mæta í leikinn

**Valsmenn voru enn í EM-fríi þegar ÍBV kom í heimsókn á Vodafone-völlinn. Þeir byrjuðu ekki að spila fótbolta fyrr en þeir lentu þrem mörkum undir. Það kostaði liðið leikinn og ÍBV er komið í átta liða úrslit Valitor-bikarsins.**

**FÓTBOLTI** ÍBV kann vel við sig á Vodafone-vellinum og lagði Val þar öðru sinni í sumar er liðin mættust í bikarkeppninni í gær. ÍBV hreinlega yfirspilaði Val í fyrri hálfleik en Valsmenn komu til baka í þeim seinni og voru ekki fjarri því að tryggja sér framlengingu.

Yfirburðir Eyjamanna í fyrri hálfleik voru með ólíkindum. Þeir skoruðu þrjú góð mörk á rúmum hálftíma og hefði getað skorað fleiri í hálfleiknum. Valsmenn fóru þó til búningsklefa með smá vonarglætu eftir að arfaslakur dómari leiksins, Örvar Sær Gíslason, virtist gefa liðinu sumargjöf undir lok hálfleiksins í formi vítaspyrnu.

Valsmenn skoruðu síðan snemma í síðari hálfleik og voru allt í einu komnir inn í leik sem þeir höfðu vart tekið þátt í. Þeir voru sterkari það sem eftir lifði og geta engum nema sjálfum sér um kennt að hafa ekki jafnað. Færin voru til staðar og Hörður Sveinsson klúðraði algjöru dauðafæri í uppbótartíma.

„Ég skammast mín ekkert fyrir að viðurkenna að það fór um mig í síðari hálfleik. Valsmenn komu sprækir inn í hann en við vorum algjört yfirburðalið í þeim fyrri," sagði Heimir Hallgrímsson, þjálfari ÍBV, eftir leik. „Við áttum ekki að fara með 1-3 stöðu í hálfleikinn heldur áttum við að hafa klárað leikinn. Mér fannst vítið vera vafasamt en þetta var erfiður leikur að dæma fyrir Örvar. Við fórum síðan úr takti í stöðunni 2-3 og hættum að gera það sem við gerðum svo vel í þeim fyrri."

Tryggvi Guðmundsson nýtti sér kæruleysi Valsmanna í botn í upphafi og skoraði tvö mörk með grímuna góðu. „Hún er nú ekki komin til að vera. Mér líður betur án hennar en gengur vel með hana," sagði Tryggvi brosmildur.

Kristján Guðmundsson, þjálfari Vals, var að vonum svekktur með sitt lið. „Það var eitthvað sem gerði það að verkum að menn mættu ekki til leiks en ég tek ekkert af Eyjamönnum, sem spiluðu frábærlega og létu okkur líta mjög illa út," sagði Kristján hreinskilinn.

„Það er erfitt að útskýra það hvernig við mætum til leiks og það eina sem mér dettur í hug er hvernig undirbúningur hvers og eins leikmanns var. Við undirbjuggum leikinn eins og venjulega. Í upphafi erum við lengi að átta okkur á hvernig við eigum að elta Eyjamenn, sem voru mjög hreyfanlegir. Við fengum svo sannarlega færin til þess að jafna og einhvern tímann hefðum við gert það. Ég er svekktastur með byrjunina og að við skyldum ekki hafa hlaupið meira þegar það lá á okkur."

Heimir Hallgrímsson var stoltur af sínu liði og sagði ljóst að því liði vel á Vodafone-vellinum, sem er heimavöllur liðsins í Evrópukeppninni.

„Hér er gott að vera og flottur völlur. Okkar leikáætlun gekk fullkomlega framan af. Við ætluðum að sækja í ákveðin svæði og gerðum það frábærlega. Það segir sína sögu að við settum þrjú mörk á lið á hálftíma sem var búið að fá á sig þrjú mörk í sumar."

**henry@frettabladid.is**

**MAÐURINN MEÐ GRÍMUNA** Tryggvi Guðmundsson skoraði tvö góð mörk gegn Val í gær. Honum hefur gengið vel með grímuna. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG






**HEITUR** Sveinbjörn Jónasson skoraði þrjú mörk gegn Fram í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Þróttarinn Sveinbjörn Jónasson skoraði þrennu gegn Fram og var borubrattur:

# Við ætlum okkur að taka dolluna

**FÓTBOLTI** Fyrstu deildar lið Þróttar vann frækinn sigur, 3-1, gegn nágrönnum sínum í Fram í sextán liða úrslitum Valitor-bikarsins.

Sveinbjörn Jónasson, leikmaður Þróttar, skoraði öll þrjú mörk liðsins, en tvö þeirra gerði hann úr vítaspyrnum í fyrri hálfleik. Fram missti Alan Lowing út af með rautt spjald eftir um hálftíma leik og var róðurinn heldur erfiður fyrir Safamýrapilta eftir það. Framarar gáfust samt aldrei upp og léku á köflum fínan fótbolta.

„Við erum komnir í átta liða úrslit og þetta gerist vart betra," sagði markaskorarinn Sveinbjörn Jónasson eftir sigurinn í gær.

„Við bjuggumst við þeim ákveðnum í byrjun leiks og því lágum við nokkuð til baka en ætluðum okkur að beita skyndisóknum. Þetta gekk allt fullkomlega upp og við náðum að skora tvö mörk í fyrri hálfleik. Manni líður hvergi betur en á vítapunktinum, þar er gott að vera," sagði Sveinbjörn, sem skoraði tvö örugg mörk úr vítum áður en hann kláraði leikinn fyrir Þróttara í síðari hálfleik.

„Það er til lítils að vera í þessari keppni nema maður ætli sér alla leið og við erum að fara að taka dolluna".

„Ég er bara virkilega svekktur," sagði Kristján Hauksson, fyrirliði Fram, eftir leikinn í gær.

„Það var slæmt að fá á sig þessar vítaspyrnur en ég held að það hafi verið réttur dómur í báðum tilvikum. Við stjórnuðum samt leiknum allan tímann þrátt fyrir að vera einum færri og það var ekki að sjá á vellinum að við værum fámennir. Við þurftum að sækja í síðari hálfleiknum og þá opnaðist vörn okkar of mikið þegar við fáum á okkur þriðja markið, en ég vil meina að við hefðum átt að koma í veg fyrir það," sagði Kristján.

**- sáp**

## ÚRSLIT

*Valitor-bikar karla*

**Valur-ÍBV 2-3**
0-1 Tryggvi Guðmundsson (8.), 0-2 Tryggvi Guðmundsson (14.), 0-3 Ian Jeffs (32.), 1-3 Guðjón Pétur Lýðsson, víti (41.), 2-3 Christian Mouritzen (49.).

**Grindavík-HK 2-1**
1-0 Magnús Björgvinsson (14.), 2-0 Magnús Björgvinsson (19.), 2-1 Hafsteinn Briem (32.)

**Þróttur-Fram 3-1**
1-0 Sveinbjörn Jónasson, víti (9.), 2-0 Sveinbjörn Jónasson, víti (34.), 2-1 Almarr Ormarsson (48.), 3-1 Sveinbjörn Jónasson (60.)

**SLUPPU MEÐ SKREKKINN** Ólafur Örn og lærisveinar hans rétt mörðu botnlið 1. deildar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Tíu Grindvíkingar mörðu HK:

# Grindavík slapp með skrekkinn

**FÓTBOLTI** Grindvíkingar tryggðu sér sæti í átta liða úrslitum Valitor-bikarsins með því að leggja HK að velli 2-1 á heimavelli sínum þrátt fyrir að leika einum færri allan seinni hálfleikinn.

Grindavík komst í 2-0 með tveimur mörkum Magnúsar Björgvinssonar á 14. og 19. mínútu en hleypti HK inn í leikinn þegar Hafsteinn Briem skoraði beint úr aukaspyrnu sem Óskar Pétursson hefði átt að verja.

„Þetta var of mikill göngubolti í byrjun en svo fáum við tvö fín mörk og þá dettum við aftur niður í gönguboltann og svæfum okkur sjálfa og missum einbeitingu. Við hleypum þeim inn í leikinn með aulamarki og svo með því að láta reka mann út af. Þá vitum við að seinni hálfleikurinn verður strembinn," sagði Ólafur Örn Bjarnason, þjálfari Grindavíkur, eftir leikinn, en Bogi Rafn Eggertsson fékk rauða spjaldið í uppbótartíma fyrri hálfleiks fyrir glórulausa tveggja fóta tæklingu á vallarhelmingi HK.

HK náði ekki að nýta sér liðsmuninn þó að liðið hafi skapað sér nokkur ákjósanleg færi.

Ragnar Gíslason, þjálfari HK, taldi að sínir menn væru hreinlega ekki vanir því að fá svona góð færi eftir afleita byrjun sumarsins í fyrstu deildinni.

„Við áttum allan séns á að jafna leikinn en það vantaði smá meiri greddu inni í teig. Ég veit ekki hvort menn eru of óvanir því að vera í þessum færum en við höfðum allan séns á að jafna þennan leik, ef ekki meira," sagði Ragnar að leiknum loknum.

**- gmi**


Terra
nýr valkostur fyrir veröndina

**Terra** er nýtt og fallegt verandarefni úr slípuðum hellum sem fæst í hvítu, gráu og svörtu.

**Terra** er hagkvæm og endingargóð lausn á veröndina, laus við umstang og viðhald sem fylgir hefðbundnum pallaefnum. Ekki eyða sumarfríinu í viðhald.

Komdu á sýningarsvæði okkar í Fornalundi og skoðaðu Terra-hellurnar eða hafðu samband við söludeildir okkar.

PIPARTBWA · SÍA · 111699

Vörur okkar eru sérhannaðar fyrir íslenskar aðstæður.
Fáðu tilboð og gerðu verðsamanburð!

BM Vallá ehf
Breiðhöfða 3
110 Reykjavík

Sími: 412 5050
sala@bmvalla.is
Opið mánud.-föstud. 8-18

BM·VALLÁ

bmvalla.is

# dagskrá

**> Michelle Monaghan**

„Allar leikkonur vilja fá tækifæri til að leika eitthvað annað en fórnarlömb eða konur í vanda.“

***Michelle Monaghan leikur í spennumyndinni Eagle Eye, sem fjallar um ungan mann og konu sem flækjast inn í aðgerðir hryðjuverkasamtaka og er sýnd á Stöð 2 bíói kl. 22.***

## VIÐ TÆKIÐ HALLFRÍÐUR ÞÓRA TRYGGVADÓTTIR FINNUR HÁTÍÐLEIKA Í ÍSLENSKUM KVIKMYNDUM

# *17. júní kom með Sveitabrúðkaupi*

Sýn mín á þjóðhátíðardag okkar Íslendinga, 17. júní, hefur breyst mikið undanfarin ár og þá helst vegna þess að ég er komin yfir þann spenning að fá blöðru og sleikjó. Sama má segja um aðrar hátíðir, ég á oft erfitt með að finna að það sé virkilega hátíðardagur fyrr en ég fæ sem dæmi páskaegg eða jólamat.

Í síðastliðinni viku var sjálfur þjóðhátíðardagurinn og fann ég sterkt fyrir þessari tilfinningu. Ég reyndi hvað ég gat að finna fyrir hátíðleika og eftir að hafa þrammað niður í bæ, keypt mér ís, kíkt í kaffi og grillað fann ég enga öðruvísi tilfinningu en á góðum frídegi. Það var ekki fyrr en ég gekk framhjá sjónvarpinu og sá að RÚV sýndi íslenska kvikmynd að ég fann að það var hátíðardagur. Frá ævi minni hafa íslenskar myndir verið sýndar í sjónvarpinu á öllum betri dögum og vekja þær alltaf upp hátíðleika hjá mér. Þennan daginn var kvikmyndin Sveitabrúðkaup frá árinu 2008 á dagskrá og sýndi á afar ýktan hátt íslenskan raunveruleika fyrir hrun. Á þeim árum þótti nauðsynlegt að gifta sig úti á landi og að sjálfsögðu var veislan haldin í bænum. Ekki var það nógu stressandi fyrir brúðhjón myndarinnar heldur vissi brúðguminn ekki hvert förinni var heitið og fór meirihluti myndarinnar í leit að sjálfri kirkjunni með tilheyrandi fjaðrafoki.

Efni myndarinnar er ekki aðalatriði þessa pistils heldur hversu frábært það er að geta alltaf séð íslenskar kvikmyndir yfir hátíðir. Kannski fylltist ég líka örlítilli þjóðerniskennd með áhorfinu og fann enn frekar fyrir tilefni dagsins, stofnun lýðveldisins Íslands árið 1944. Ég klæddi mig allavega í jakka og skó, náði endanum af tónleikunum á Arnarhóli og þrammaði um bæinn full af hátíðleika.

## RÚV

**15.30 Evrópumót landsliða undir 21 árs** (Undanúrslit) Bein útsending.
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Fréttir**
**18.30 Veðurfréttir**
**18.35 Evrópumót landsliða undir 21 árs** (Undanúrslit) Bein útsending.
**20.40 Víkingalottó**
**20.45 Evrópumót landsliða - samantekt**
**20.55 Sakborningar – Saga Alison** (6:6) (Accused) Í þessari bresku þáttaröð er í hverjum þætti rifjuð upp saga sakbornings sem bíður þess í fangelsi að verða leiddur fyrir dóm. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Golf á Íslandi** Golfþættir fyrir alla fjölskylduna, þá sem spila golf sér til ánægju og yndisauka og líka þá sem æfa íþróttina af kappi.
**22.50 Aftur til fortíðar - Blómabörnin fyrr og nú** (Back to the Garden: Flower Power Comes Full Circle)
**23.50 Evrópumót landsliða undir 21 árs** (Undanúrslit) (e)
**01.30 Landinn** (e)
**02.00 Fréttir** (e)
**02.10 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Naked Gun 2½: The Smell of Fear**
**10.00 It's Complicated**
**12.00 Lína Langsokkur**
**14.00 Naked Gun 2½: The Smell of Fear**
**16.00 It's Complicated**
**18.00 Lína Langsokkur**
**20.00 Shooting Gallery**
**22.00 Eagle Eye**
**00.00 The Number 23**
**02.00 Snow Angels**
**04.00 Eagle Eye**
**06.00 The Ex**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Lois and Clark** (21:22)
**11.00 Cold Case** (23:23)
**11.50 Grey's Anatomy** (10:24)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 In Treatment** (35:43)
**13.25 Chuck** (12:19)
**14.15 Pretty Little Liars** (20:22)
**15.00 iCarly** (18:45)
**15.25 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (12:21)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.06 Veður**
**19.15 Two and a Half Men** (14:24)
**19.40 Modern Family** (7:24)
**20.05 Gossip Girl** (19:22)
**20.50 Off the Map** (3:13) Framleiðendur Grey's Anatomy færa okkur nýjan hörkuspennandi og dramatískan þátt um lækna sem starfa í litlum bæ í frumskógum Suður-Ameríku. Sex ungir læknar bjóða sig fram til að starfa á læknastöð í bænum af hugsjón en líka til að flýja sín persónulegu vandamál. Stofnandi læknastöðvarinnar, Ben Keeton, hefur náð miklum frama sem skurðlæknir í Kaliforníu en ákvað að gefa ferilinn upp á bátinn til þess að sinna köllun sinni.
**21.35 Ghost Whisperer** (15:22)
**22.20 The Ex List** (10:13)
**23.05 Sex and the City** (9:20)
**23.35 NCIS** (19:24)
**00.20 Fringe** (17:22)
**01.05 Glastonbury**
**03.20 Medium** (6:22)
**04.05 Love at Large**
**05.40 Gossip Girl** (19:22)

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Valitor-mörkin 2011**
**08.05 Valitor-mörkin 2011**
**17.25 Unglingaeinvígið í Mosfellsbæ**
**18.15 Meistaradeild Evrópu: Arsenal - Barcelona**
**20.05 Arnold Classic** Sýnt frá Arnold Classic mótinu en á þessu magnaða móti mæta flestir af bestu og sterkustu líkamsræktarköppum veraldar, enda Arnold Classic eitt stærsta mót sinnar tegundar í heiminum.
**20.50 Guru of Go** Mögnuð heimildarmynd um körfuboltaþjálfarann Paul Westhead, sem brenndi allar brýr að baki sér í NBA þar sem hann hafði orðið meistari með Magic og Kareem hjá LA Lakers. Hann tók við háskólaliðinu Loyola Marymount og fullkomnaði þar leikkerfi sitt sem vakti mikla athygli og var byggt upp á miklum hlaupum og hröðum sóknarleik. Aðalstjarna liðsins þoldi ekki álagið og lést úr hjartaáfalli á vellinum.
**21.40 Guðjón Valur Sigurðsson** Þá er komið að þriðja þættinum í þessari mögnuðu seríu þar sem skyggnst verður inn í líf fremstu atvinnumanna þjóðarinnar. Nú er röðin komin að einu af óskabarni þjóðarinnar, Guðjóni Vali Sigurðssyni, sem leikur með Rhein Neckar Löwen í Þýskalandi.
**22.20 Meistaradeild Evrópu: Barcelona - Arsenal**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**18.15 Wigan - Chelsea** Útsending frá leik Wigan og Chelsea í ensku úrvalsdeildinni.
**20.00 Premier League World** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.
**20.30 Gullit** Einn af þeim allra bestu, Ruud Gullit verður í sviðsljósinu að þessu sinni.
**21.00 Copa America - upphitun** Hitað upp fyrir Copa America 2011. Þetta er í 43. sinn sem þessi keppni er haldin. Handhafar bikarsins eru Brasilíumenn sem lögðu Argentínumenn í úrslitaleiknum fyrir fjórum árum, 3-0, en þá fór keppnin fram í Venesúela.
**21.50 PL Classic Matches: Arsenal - Man United, 1998**
**22.20 Man. Utd - Arsenal**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Dynasty** (3:28) (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**17.25 Rachael Ray**
**18.10 How to Look Good Naked - Revisited** (2:3) (e)
**19.00 The Marriage Ref** (5:12) (e)
**19.45 Will & Grace** (25:25) Endursýningar frá upphafi á þessum frábæru gamanþáttum.
**20.10 Top Chef** (5:15)
**21.00 Blue Bloods** (21:22)
**21.45 America's Next Top Model - LOKAÞÁTTUR** (13:13)
**22.35 Green Room with Paul Provenza** (2:6)
**23.05 The Real L Word: Los Angeles** (5:9)
**23.50 Hawaii Five-0** (16:24) (e)
**00.35 Law & Order: Los Angeles** (13:22) (e)
**01.20 CSI: Miami** (10:24) (e)
**02.05 Will & Grace** (25:25) (e)
**02.25 Blue Bloods** (21:22) (e)
**03.10 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**07.00 US Open 2011** (2:4)
**12.00 Golfing World**
**12.50 Golfing World**
**13.40 US Open 2011** (2:4)
**18.00 Golfing World**
**18.50 Inside the PGA Tour** (24:42)
**19.20 LPGA Highlights** (6:20)
**20.40 Champions Tour - Highlights** (10:25)
**21.35 Inside the PGA Tour** (25:42)
**22.00 Golfing World**
**22.50 PGA Tour - Highlights** (22:45)
**23.45 ESPN America**

## EXTRA

**19.30 The Doctors**
**20.15 The New Adventures of Old Christine** (5:22)
**20.35 The New Adventures of Old Christine** (6:22)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Modern Family** (22:24) Önnur þáttaröðin um líf þriggja tengdra en ólíkra nútímafjölskyldna, hefðbundinnar 5 manna fjölskyldu, samkynhneigðra manna sem eru nýbúnir að ættleiða dóttur og svo pars af ólíkum uppruna þar sem eldri maður hefur yngt upp í suðuramerískra fegurðardís. Í hverjum þætti lenda fjölskyldurnar í ótrúlega fyndnum aðstæðum sem við öll könnumst við að einhverju leyti.
**22.15 Bones** (13:23)
**23.00 Hung** (10:10)
**23.30 Bored to Death** (3:8)
**00.00 Daily Show: Global Edition**
**00.25 The New Adventures of Old Christine** (5:22)
**00.45 The New Adventures of Old Christine** (6:22)
**01.10 The Doctors**
**01.50 Fréttir Stöðvar 2**
**02.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan** Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.

## ÍNN

**20.00 Randver og gestagangur** Randver fær til sín góða gesti.
**20.30 Veiðisumarið** Jónsmessustraumur og laxaveisla.
**21.00 Fiskikóngurinn** Kristján Berg eldar það sem hann selur.
**21.30 Bubbi og Lobbi** Sigurður G og Guðmundur Ólafsson ræða gang mála í stjórmálum.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |

Pantaðu fría
landslagsráðgjöf í dag!

Inga Rut Gylfadóttir og Björk Guðmundsdóttir, landslagsarkitektar FILA, hjálpa þér við að skipuleggja draumagarðinn þinn þér að kostnaðarlausu.

Pantaðu tíma og fáðu nánari upplýsingar hjá söludeild Steypustöðvarinnar í síma
4 400 400

STEYPUSTÖÐIN
Sterkari lausnir

Hringhellu 2, 221 Hafnarfjörður | Hrísmýri 8, 800 Selfoss | Malarhöfða 10, 110 Reykjavík | sími 4 400 400, www.steypustodin.is

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.05
### Gossip Girl

Það gengur á ýmsu hjá fordekruðu unglingunum á Manhattan í kvöld. Serena býður Charlie að njósna um Blair og Dan. Nate aðstoðar Rainu að finna móður hennar og Chuck kemst á snoðir um skuggalega fortíð föður síns.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tríó **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Í boði náttúrunnar **14.00** Fréttir **14.03** Tónleikur **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Hin hljóðu tár **15.25** Skorningar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Eyðibýlið **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Í lok dags **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Stefnumót **20.00** Leynifélagið **20.30** Út um græna grundu **21.30** Kvöldsagan: Njáls saga **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Konungur slaghörpunnar: Franz Liszt **23.05** Fjármálamiðstöðin Ísland **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## BBC entertainment

**12.10** Keeping Up Appearances **12.40** ‚Allo ‚Allo! **13.10** ‚Allo ‚Allo! **13.45** ‚Allo ‚Allo! **14.15** The Weakest Link **15.00** The Weakest Link **15.50** Fawlty Towers **16.25** ‚Allo ‚Allo! **16.55** ‚Allo ‚Allo! **17.30** New Tricks **18.20** New Tricks **19.10** Top Gear **20.00** Jack Dee Live at the Apollo **20.45** The Catherine Tate Show **21.15** Little Britain **21.45** Coupling **22.15** Jack Dee Live at the Apollo **23.00** New Tricks **23.50** New Tricks **00.45** Top Gear **01.35** Jack Dee Live at the Apollo **02.20** The Catherine Tate Show **02.50** Little Britain

## DR 1

**12.30** Hammerslag Sommermix **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Aftenshowet **14.00** Byggemand Bob **14.10** Redningsbåden Rolf **14.15** Peddersen og Findus **14.30** Carsten og Gittes Vennevilla **14.45** Kasper & Lise **15.00** De uheldige helte **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Vores Liv **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Ved du hvem du er? **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt **20.00** Vi mødes i retten **20.50** Onsdags Lotto **20.55** Ross Kemp in Afghanistan

## NRK 1

**09.45** Urter **10.05** Filmavisen 1960 **10.15** Berlin, Berlin **10.40** Berlin, Berlin **11.05** Ut i naturen **11.35** Niklas' mat **12.05** Grønn glede **12.35** Norge rundt **13.00** Derrick **14.00** Et land i brun saus **14.30** Hvilket liv! **15.00** NRK nyheter **15.10** Poirot **16.00** Oddasat - nyheter på samisk **16.05** Nyheter på tegnspråk **16.10** Tilbake til 60-tallet **16.40** Distriktsnyheter **17.30** Herskapelig redningsaksjon **18.20** Luftens helter: Take off **18.45** Vikinglotto **18.55** Distriktsnyheter **19.30** Oslo Skishow **20.30** 4-4-2 **21.00** Kveldsnytt

## svt1

**13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Owe Thörnqvist Mr Boogieman **15.05** Rias - fjordlandskap i Korea **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** En svensk sommar i Finland **16.55** Via Sverige **17.10** Kulturnyheterna **17.20** Sverige i dag sommar **17.30** Rapport **17.52** Regionala nyheter **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** The Tudors **19.50** Undercover Boss **20.35** Bored to Death **21.05** Kvinnor som älskar **22.35** Vem tror du att du är? **23.20** Rapport **23.25** Ouppklarat


ÚTILÍF

# TJÖLDIN FÁST Í TJALDALANDI

TJALDALAND ÚTILÍFS ER VIÐ HLIÐINA Á TBR-HÖLLINNI VIÐ GLÆSIBÆ

UPPSETT TJÖLD TIL SÝNIS ALLA VIRKA DAGA FRÁ KL. 10-17. FLEIRI UPPLÝSINGAR Á WWW.UTILIF.IS

**VERÐ: 32.990 / 39.990 KR.**
HIGH PEAK COMO 4 OG 6 MANNA
Tviskipt innratjald með fortjaldi á milli. Vatnsvörn 2.000 mm. Yfirlímdir saumar. Hæð 190/200 cm.



**TILBOÐ: 45.990 KR.**
HIGH PEAK ANCONA 5 MANNA
Rúmgott fjölskyldutjald. Vatnsvörn 3.000 mm. Yfirlímdir saumar. Dúkur í fortjaldi. 2 inngangar. Hæð 200 cm. Almennt verð: 54.990 kr.



**TILBOÐ: 79.990 KR.**
ACADIA 5-7 MANNA
Rúmgott fjölskyldutjald með áföstum gólfdúk. Auðvelt í uppsetningu miðað við stærð. Vatnsvörn 3.000 mm. Yfirlímdir saumar. 2 inngangar. Hæð 190 cm. Almennt verð: 99.990 kr.



**VERÐ: 29.990 KR.**
HIGH PEAK IKARIA 4 MANNA
Braggatjald með áföstum dúk. Stöðugt í vindi. Vatnsvörn 3.000 mm. Yfirlímdir saumar. 2 inngangar. Hæð 130 cm.

**TILBOÐ: 14.490 KR.**
HIGH PEAK NEVADA 3 MANNA
Sigilt 3 manna kúlutjald með fortjaldi. Vatnsvörn 2.000 mm. Yfirlímdir saumar. Hæð 120 cm. Almennt verð: 16.990 kr.

**VERÐ: 19.990 / 23.990 KR.**
HIGH PEAK CAVE 2 OG 3 MANNA
Göngutjald sem er auðvelt í uppsetningu og aðeins 2,9 kg. Vatnsvörn 2.000 mm. Yfirlímdir saumar. Fíbersúlur. Hæð 90 cm.

**VERÐ: 54.990 KR.**
THE NORTH FACE TADPOLE 2 MANNA
Létt göngutjald 2,4 kg. Vatnsvörn 1.500 mm taffeta. Botn 5.000 mm taffeta. Álsúlur. Hæð 100 cm.

**TILBOÐ: 51.990 KR.**
HIGH PEAK DENALI 3 MANNA
Göngutjald með góðu fortjaldi. Vatnsvörn 4.000 mm. Botn 5.000 mm. Álsúlur. Hæð 120 cm. Þyngd 4,35 kg. Almennt verð: 64.990 kr.

NÁÐU ÁRANGRI. ÚTILÍF – HOLTAGÖRÐUM. GLÆSIBÆ. KRINGLUNNI. SMÁRALIND. WWW.UTILIF.



FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

# STÓRLAXARNIR ERU Á VEIÐIVÍSI

Á Veiðivísi, nýjum veiðivef Vísis, getur þú nálgast helstu fréttir, ítarlega umfjöllun og gagnlegar upplýsingar um veiði, hvort heldur sem er stangveiði eða skotveiði. Fylgstu með í sumar og nýttu þér allt sem Vísir hefur upp á að bjóða.

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval.
Þú færð meira af öllu á Vísi.

**Meiri Vísir.**

vísir

**MORGUNMATURINN**

*„Vegamót eru einn af mínum uppáhaldsveitingastöðum á Íslandi. Pastrami-beyglan klikkar sjaldan í hádeginu.“*

Elísabet Gunnarsdóttir, nemi og tískubloggari

# Kvöldstund með Steinda á uppboði í Eyjum

Kvöldstund með Steinda Jr. og treyjur frá Chelsea-stjörnunum Frank Lampard og John Terry eru meðal hluta sem boðnir verða upp í Vestmannaeyjum um helgina í tengslum við árlegt góðgerðamót Hermanns Hreiðarssonar landsliðsfyrirliða. Mótið fer fram á laugardaginn og má reikna með mikilli veislu í Eyjum eins og undanfarin ár.

Rútur Snorrason hefur verið Hermanni innan handar við skipulagningu mótsins. Hann segir að ekki hafi gengið upp að fá þekkta erlenda knattspyrnustjörnu til að keppa í ár en Sol Campbell, fyrrverandi leikmaður Arsenal, sýndi listir sínar á Vestmannaeyjavellinum fyrir tveimur árum. „Hins vegar kemur búningastjóri Chelsea með flottar treyjur frá félaginu sem seldar verða á uppboði,“ segir Rútur, sem bindur vonir við að þær verði áritaðar af stjörnunum sjálfum.

Eins og vanalega verða landsfrægir kappar meðal keppenda, en meðal þeirra má nefna Auðun Blöndal og Loga Geirsson. Þá lítur dagsins ljós eitt þyngsta og vöðvamesta holl íslenskrar golfsögu þegar Egill Gillzenegger og sjálfur Gazman slá upphafshöggin sín á fyrsta teig á laugardaginn. Íslenskar knattspyrnuhetjur verða að sjálfsögðu ekki langt undan; Eiður Smári, Heiðar Helguson og Ívar Ingimarsson hafa allir boðað komu sína sem og nokkrir leikmenn U21 landsliðsins. **- fgg**

**SMEKKLEGIR** Hermann Hreiðarsson hefur haldið góðgerðamót í golfi undanfarin ár. Að þessu sinni verða treyjur frá Chelsea og kvöldstund með Steinda Jr. meðal þess sem boðið verður upp um kvöldið. Eiður Smári verður meðal keppenda.


# Jákvæðar fréttir fyrir sumarið

Þú færð Fréttablaðið á 16 stöðum á Austurlandi.

Það er engin ástæða til að missa af neinu í sumar. Fréttablaðið er aðgengilegt um land allt. Því er dreift ókeypis í lúgur og kassa á kjarnadreifingarsvæði okkar. Auk þess er það selt í lausasölu á kostnaðarverði á **120 sölustöðum um land allt**.

**Þú getur alltaf fengið Fréttablaðið beint í símann, fartölvuna eða spjaldtölvuna hvar sem er og hvenær sem er á Vísi.is eða fengið það sent með tölvupósti daglega.**

Nánar um dreifinguna má lesa á visir.is/dreifing.

## Fjöldi lausasölustaða á Austurlandi

Mónakó, Bakkafirði
N1, Vopnafirði
Olís, Fellabær
N1 Þjónustustöð, Egilsstöðum
Bónus, Egilsstöðum
Samkaup Úrval, Egilsstöðum
Samkaup Strax, Seyðisfirði
Olís, Reyðarfirði
Grillskálinn Orka, Reyðarfirði
Krónan, Reyðarfirði
Shell skáli, Eskifirði
Samkaup Strax, Eskifirði
Kaffihúsið Eskifirði
Olís, Neskaupstað
Samkaup Úrval, Neskaupstað
Samkaup Strax, Fáskrúðsfirði

**Það fá allir afmælisblöðru* á sölustöðum Fréttablaðsins um land allt.**

*Meðan birgðir endast

FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA

**Allt sem þú þarft**



Leikhópurinn Lotta verður á ferð um landið í allt sumar og sýnir

## Mjallhvíti og dvergana sjö.

Fylgist með á Facebook og á www.leikhopurinnlotta.is

**Austurland og Austfirðir**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 15. júlí | föstudagur | kl. 18 | Djúpivogur |
| 16. júlí | laugardagur | kl. 16 | Þórshöfn, Kátir dagar |
| 17. júlí | sunnudagur | kl. 13 | Seyðisfjörður |
| 17. júlí | sunnudagur | kl. 17 | Egilsstaðir |
| 18. júl | mánudagur | kl. 18 | Fáskrúðsfjörður |
| 19. júlí | þriðjudagur | kl. 18 | Reyðarfjörður |
| 20. júlí | miðvikudagur | kl. 18 | Neskaupstaður |


**ALEXANDER BRIEM:** LÆTUR REYNA Á STÓRA DRAUMINN

# Prófaður sem Jeff Buckley

Alexander Briem, stjarnan úr Gauragangi, var beðinn um að senda inn myndbandsprufu fyrir hlutverk Jeffs Buckley samkvæmt heimildum Fréttablaðsins en til stendur að gera kvikmynd um bandaríska tónlistarmanninn. Vera Sölvadóttir leikstýrði prufunni og lítill hópur fólks kom að gerð hennar en mikil leynd hefur hvílt yfir verkefninu. Hvorki Alexander né móðir hans, útvarpskonan Sigríður Pétursdóttir, vildu tjá sig um málið við Fréttablaðið.

Alexander fékk frábæra dóma fyrir frammistöðu sína sem Ormur Óðinsson í kvikmyndinni Gauragangur. Alexander hefur aldrei farið leynt með þann draum sinn um að verða leikari á stóra sviðinu og er þar að auki mikill Buckley-aðdáandi. Til að mynda komst Fréttablaðið yfir myndband á vefsíðunni Vimeo.com þar sem Alexander syngur lag eftir Buckley á útskriftartónleikum. Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst fékk Alexander sendar tvær senur úr myndinni og fyrirmæli um að leika lag á gítar og syngja í annarri senu. Það mátti þó ekki vera Hallelujah, þekktasti slagari tónlistarmannsins. Tökurnar fóru fram í síðustu viku og voru sendar út til Bandaríkjanna í þessari viku. Ekki liggur fyrir hvenær svör berast.

Jeff Buckley var mörgum harmdauði þegar hann lést langt fyrir aldur fram hinn 29. maí 1997. Hann drukknaði í Wolf River-höfninni við Mississippifljótið en hann var þá að vinna að nýrri plötu. Buckley tókst aðeins að gefa út eina plötu, Grace, sem hlaut einróma lof gagnrýnenda og er enn í hávegum höfð.

Kvikmynd um tónlistarmanninn hefur verið lengi í bígerð og Twilight-leikarinn Robert Pattinson var nýlega orðaður við hlutverkið. Þá hefur James Franco, sem tilnefndur var til Óskarsverðlauna í ár fyrir leik sinn í 127 Hours, einnig verið nefndur sem hugsanlegur möguleiki.

**freyrgigja@frettabladid.is**

**Í FLOTTUM HÓPI** **Alexander Briem** var beðinn um að senda inn myndbandsprufu af sér í hlutverki Jeffs Buckley. Til stendur að gera kvikmynd um tónlistarmanninn, en meðal þeirra sem hafa verið orðaðir við hlutverkið eru **Robert Pattinson** og **James Franco**.

# Hátíð í anda Hróarskeldu

„Við verðum með fjögurra daga hátíð í anda Hróarskeldu, þar sem íslensk bönd koma og spila sína tónlist,“ segir Dagmar Erla Jónasdóttir, vaktstjóri á Dönsku kránni. Skemmtistaðirnir Danska kráin og Prikið hafa tekið höndum saman og halda eins konar tónlistarhátíð frá 30. júní til 3. júlí, en um sömu helgi er Hróarskelduhátíðin haldin í Danmörku. Fjölmargir íslenskir listamenn og hljómsveitir ætla að spila á hátíðinni hér heima en þar má nefna Vicky, Kiriyama Family, Árstíðir, Andvara, Foreign Monkeys, Ellen Kristjánsdóttur og Pétur Hallgrímsson, Emmsjé Gauta, Forgotten Lores, Blaz Roca, XXX Rottweiler og marga fleiri.

Dagmar segist vona að hægt verði að hafa einhverja tónleika utandyra. „Við viljum reyna að vera úti á föstudag og laugardag, en staðirnir eru hlið við hlið svo það er auðvelt að flakka á milli,“ segir Dagmar, og bætir við að hugmyndin að hátíðinni sé einfaldlega að hafa gaman. „Það er frítt á alla tónleikana, en við verðum með armbönd til sölu sem gilda sem afsláttur af bjór en armbandið kostar 1.000 krónur.“ Nánari upplýsingar um hljómsveitir og tímasetningar er að vænta á Facebook-síðu Dönsku kráarinnar og Priksins. **- ka**

**SKIPULEGGUR TÓNLISTARVEISLU** Dagmar Erla Jónasdóttir, vaktstjóri á Dönsku kránni, er ein þeirra sem skipuleggur tónlistarhátíð í anda Hróarskeldu dagana 30. júní til 3. júlí.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# STÓRMYND SUMARSINS!

JIM CARREY

# MR. POPPER'S PENGUINS

## FRÁBÆR GAMANMYND FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ BORGAR BÍÓ LAUGARÁS BÍÓ EGILSHÖLL

**KOMIN Í BÍÓ!**

**VILTU VINNA MIÐA?**

SENDU SMS SKEYTIÐ
ESL PEN Á NÚMERIÐ 1900
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!

FULLT AF VINNINGUM:
BÍÓMIÐAR
TÖLVULEIKIR - DVD MYNDIR - GOS OG FLEIRA!

**9. HVER VINNUR!**
FJÖLDI AUKAVINNINGA

VINNINGAR AFHENTIR Í ELKO LINDUM. 149 KR/SKEYTIÐ. MEÐ ÞVÍ AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB.

WWW.SENA.IS/MRPOPPERS

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Pósthúsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Tveir brekkusöngvar Árna

Þingmaðurinn **Árni Johnsen** mun ekki einungis sjá um brekkusönginn í Eyjum þetta árið því hann sér einnig um brekkusönginn á fjölskyldu- og skeljahátíðinni í Hrísey í Eyjafirði. Sú hátíð fer fram að venju þriðju helgina í júlí, 15. til 17. júlí. Þá lýsir Hrísey yfir fullveldi og fólk frá fastalandinu getur gerst hríseyskur ríkisborgari að lokinni tollskoðun sem fer ávallt fram við komu til eyjarinnar. Einnig er árlega fagnað uppskeru Norðurskeljar, sem sér um ræktun kræklings í Eyjafirði, með viðeigandi átveislu.

### Átakastjórnmál

Mikil dramatík var á borgarstjórnarfundi í gær þar sem stóryrði gengu á báða bóga í afgreiðslu á umdeildri sameiningu fagsviða. Fulltrúar minnihluta og meirihluta deildu hátt um vilja meirihlutans til samráðs þannig að nýkjörinn forseti borgarstjórnar, **Elsa Yeoman,** mátti taka á öllu sínu til að hafa stjórn á ræðumönnum. Eftir harða sennu þar sem Hanna Birna Kristjánsdóttir, oddviti sjálfstæðismanna, sakaði fulltrúa meirihlutans meðal annars um að fara á svig við reglur gerði forseti fundarhlé. Að því loknu sljákkaði í fólki og minnti hún fulltrúa á að gæta að málflutningi sínum. Hélt fundurinn áfram án upphrópana eftir það.

**- fb, þj**

## Mest lesið

visir

1. Mál Müller til ákæruvaldsins
2. Lögregla sökuð um að skilja mann tvívegis eftir í óbyggðum
3. Bubbi Morthens endurheimti þýfi fyrir Hugleik
4. Grímuklæddir menn rændu tveimur stúlkubörnum í Noregi
5. Sprauta vatni á smábátana svo ferjan komist áfram


## Yfirburðir Fréttablaðsins á dagblaðamarkaði staðfestir

**Prentmiðlakönnun Capacent Gallup.**
Janúar til mars 2011, meðallestur á tölublað 18–49 ára.




Fréttablaðið og Morgunblaðið kemur út sex daga vikunnar, á meðan DV kemur út þrisvar í viku og Fréttatíminn einu sinni.

Allt sem þú þarft